



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson veltir fyrir sér sjónvarpsþáttagerð og sjálfsskoðun í pistli dagins. **15**



MENNING Rebekka Ingimundardóttir ráðleggur Eyþóri Inga í fatavali á Eurovision. Hann verður trúr sjálfum sér. **34**



SPORT Framkonur urðu loksins Íslandsmeistarar í handbolta kvenna eftir 23 ára bið. **30**

ASUS ZENBOOK™

HÖNNUN
HRAÐI
FEGURÐ

tl.is

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
6. maí 2013
105. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Íshrúti stolið í tölvuleik

Áhugaljósmyndari sem hannaði furðuveru fyrir auglýsingu var furðulostinn þegar hann rakst á hugverk sitt í tölvuleiknum Gardens of Time. Leikjafyrirtækið er í eigu Disney. **2**

Sprengjum rignir Ísraelsher gerði loftárás á Damaskus, höfuðborg Sýrlands, aðfaranótt sunnudags. **6**

Vill láta brjóta ísinn Rithöfundurinn og umhverfisverndarsinninn Bill McKibben hvetur Íslendinga til að vinna hvorki olfu, gas né kol úr jörðu. **6**

Sagan endalaus Fáir telja að allsherjar stríðsátök brjótist út milli Norður- og Suður-Kóreu. **12**



Bolungarvík	-1°	☁*	NA	8
Akureyri	1°	☁*	NNA	7
Egilsstaðir	2°	☁	N	6
Kirkjubæjarkl.	7°	☁	A	6
Reykjavík	8°	☁	NA	5

Bjart syðra í dag verður NA-strekkingur norðvestanlands en hægari vindur annars staðar. Stöku él eða slydduél norðantil en nokkuð bjart S- og SA-til. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Sólbekkir & borðplötur Fólki



„Snjöll og bráðskemmtileg spennusaga.“

BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR
BÓKSALI

HINIR RÉTTLÁTU

www.forlagid.is

Strætóbílstjórarar reknir vegna kynferðisbrota

Strætó hefur látið tvo bílstjóra hætta störfum vegna kynferðisbrota. Annar maðurinn keyrði áður fatlaða hjá Smartbílum og er til rannsóknar vegna nauðgunar þar.

LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem er til rannsóknar hjá lögreglu vegna kynferðisbrots gegn þroskaheftri konu í Kópavogi var ráðinn til Strætó stuttu eftir að honum var sagt upp störfum hjá Smartbílum. Eftir að í ljós kom að hann væri grunaður um kynferðisbrot var hann þó líka látinn hætta hjá Hagvögnum, sem eru verktakar fyrir Strætó.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem bílstjóri er látinn fara vegna kynferðisbrota. Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, segist muna eftir eina öðru dæmi, þegar manni

sem hafði skilað inn hreinu sakavottorði var sagt upp störfum eftir að ættingi fórnarlamb bar kennsl á hann undir stýri.

„Við teljum ekki forsvaranlegt að meintir brotamenn starfi í þágu okkar meðan á rannsókn máls stendur,“ segir hann. Viðkomandi hafði tekið út sinn dóm mörgum árum áður og því sást það ekki á sakavottorðinu. Reynir segir þau oft veita falskt öryggi.

Rannsókn lögreglu á hinum mannum stendur enn yfir en miðar vel. Kópavogsbær hefur boðað for-

„Við teljum ekki forsvaranlegt að meintir brotamenn starfi í þágu okkar.“

Reynir Jónsson, Strætó bs.

svarsmenn Smartbíla á sinn fund til að ræða viðbrögð þeirra við tilkynningu þroskaheftrar konu um kynferðisbrot af hans hálfu, en ekki var brugðist við því fyrr en hann var kærður til lögreglu fyrir að nauðga annarri þroskakertri konu.

sunna@frettabladid.is

Starfsfólki fjölgar um 150: 4,5 milljarðar lagðir í Latabæ

FÓLK „Húsið er stútfullt. Það er ekki hægt að leggja nálægt því. Það eru 150 starfsmenn búnir að bætast við fyrir utan hefðbundnið starfsfólk,“ segir Hallgrímur Kristinnsson, yfirmaður kynningarmála og viðskiptaþróunar hjá Latabæ, en tókur á fjórðu þáttaröð Latabæjar eru nýhafnar í Garðabæ.



HALLGRÍMUR KRISTINSSON

Samkvæmt tölum frá fjármála- og vaxtaáætlun Latabæjar hafa um fjórir og hálfur milljarður króna streymt inn í íslenska hagkerfið frá eiganda þáttaraðarinnar, Turner Broadcasting, undanfarin tvö ár.

- fb / sjá síðu 34



ÁLFOR Í UPPHAFI VEGFERÐAR Þeir Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hófu gærdaginn á Austurvelli þar sem þeir keyptu SÁÁ-álfa af Guðrúnu Jónu Stefánsdóttur áður en þeir héldu burt úr bænum til stjórnarmyndunarviðræðna. Álfasalan hefst um allt land í dag, en þetta er stærsta fjáröflunarátak SÁÁ ár hvert.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Stjórnarmyndun í gangi: Formennirnir halda áfram að funda í dag

STJÓRNMÁL Formennirnir Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson munu halda áfram stjórnarmyndunarviðræðum fyrir hönd Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í dag.

Formlegar viðræður hófust í gær þegar formennirnir brugðust út á land, en þeir vildu ekkert gefa út um stöðu viðræðnanna í gærkvöldi.

Stjórn málafræðingurinn Grétar Þór Eypórsson segir fyrirsjáanlegt að stóru flokkarnir tveir hafi látið reyna fyrst á samstarf sín á milli. Einhver munur sé á stefnuskrám flokka en það ætti ekki að koma í veg fyrir að saman náist.

„Það dettur engum í hug að báðir flokkar nái sínu ytrasta fram,“ segir Grétar í samtali við Fréttablaðið.

- þj / sjá síðu 4

Djúpavogshreppur fékk aðild að Cittaslow-hreyfingunni, fyrstur sveitarfélaga: Leggja upp úr vinalegu viðmóti

MENNING Djúpavogshreppur, tæplega 500 manna sveitarfélag á sunnanverðum Austfjörðum, hefur hlotið inngöngu í Cittaslow-hreyfinguna, fyrstur byggða á Íslandi. Markmið Cittaslow-sveitarfélaga er að auka lífsgæði íbúa og leggja áherslu á sérstöðu þeirra. Verndun náttúrunnar og fegurð umhverfisins er þar í forgrunni; notkun nýjustu tækni í þágu samfélagsins, staðbundin matarmening og framleiðsla.

„Eins munum við leggja mikið upp úr gestrisni, kurteisi og vinalegu viðmóti,“ segir Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps, um verkefnið, sem var styrkt af Nýsköpunarsjóði og hefur verið í undirbúningi um skeið.

Á hausti komanda verður blásið í herlúðra og svokallaðir Íslenskir dagar – Cittaslow haldnir í sveitarfélaginu. „Þá tókum við eina langa helgi í að ganga í smíðju og læra eitt og annað nýtsamlegt. Það er þetta gamla íslenska; taka slátur, laga saft, úrbeina kjöt, tína og nýta sveppi og herða fisk. Allt



kemur til greina og við erum á fullu í hugmyndavinnu þessa dagana.“

AFKVÆMI SLOWFOOD-SAMTAKANNA í apríl síðastliðnum höfðu 176 bæir og sveitarfélög í 27 löndum víðs vegar um heiminn gerst aðilar að hreyfingunni.

VERÐ FYRIR NEÐAN FROSTMARK

FYRSTIR KOMA FRYSTIR FÁ

Sjáðu öll tilboðin á rafha.is

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **19.900** 33% AFSLÁTTUR

exquisit

KB-45A Kælikápur með frysti

Rafha

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is

SPURNING DAGSINS



Sigurður, ertu fullur af hugmyndum?

„Ég er að minnsta kosti ekki þunnur.“

Sigurður Haukur Traustason, einn framleiðenda drykkisins B.Okay sem á að draga úr timburmönnum.

Al-Shabab lét aka bíl hlöðnum sprengiefni á bílalest í Sómalíu:

Sjö létu lífið í sjálfsmorðsárás

SÓMALÍA, AP Sjö létu lífið í Sómalíu í gærmorgun þegar bíl hlöðnum sprengiefni var ekið inn í bílalest hersins sem fylgdi fjögurra manna sendinefnd frá Katar.

Haft er eftir yfirmanni lögreglu að sendinefndina frá Katar hafi ekki sakað og hún hafi komist heilu og höldnu á hótél sitt. Sendinefndin var í landinu í boði innanríkisráðuneytisins en innanríkisráðherra Sómalíu var ekki í bílalestinni. Sendinefndin tekur þátt í þróunarverkefnum í Mógadisjú.

Mohamed Abdi, lögreglumaður á vettvangi, sagði að fjórir óbreyttir borgarar og einn hermaður hefðu dáið samstundis í sprengingunni.

Tveir til viðbótar létust á sjúkrahúsi og gert var að sárum átján til viðbótar, sagði dr. Duniya Mohamed Ali á sjúkrahúsinu í Medína.

Forseti Sómalíu, Hassan Sheikh Mohamud, segir uppreisnarsveitina al-Shabab bera ábyrgð á árásinni, en hún er sögð hafa tengsl við al-Kaída hryðjuverkasamtökin. - óka



EFTIR ÁRÁSINA Sómalskir öryggisverðir bera slasaðan mann frá vettvangi sprengingar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skógareldar fyrr á ferðinni: Tvö þúsund berjast við elda

BANDARÍKIN Skilyrði til að fást við skógarelda í Kaliforníu í Bandaríkjunum eru sögð hafa batnað í gær. Um tvö þúsund slökkviliðsmenn berjast þar við skógarelda sem geisað hafa síðustu daga.

Eldarnir eru sagðir fyrr á ferðinni í ár en síðustu ár sökum mikilla þurrka í síðustu viku. Logarnir eru sagðir ógna yfir fjögur þúsund heimilum, en meira ein þúsund manns hafa þegar þurft að yfirgefa heimili sín. Notast er við flugvélar og þylur við slökkvistarfið.



PÁFINN KVEÐUR Frans páfi yfirgefur Sankti Péturstorgi í Vatikaninu í gær eftir messu sem fram fór í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfinn segir fórnarlömb níðinga vera í bænum sínum:

Vill efla dáð til verndar börnum

VATIKANIÐ, AP Frans páfi kallar eftir auknu hugrekki til að vernda börn gegn níðingum. Páfi messaði við Sankti Péturstorg í Vatikaninu í gær.

Frans nefndi þó ekki hneykslismál í mörgum löndum þar sem kirkjunnar þjónar hafa misnotað börn og kirkjan breitt yfir afbrotin. Í messunni sagði hann hins vegar að fórnarlömb níðinga væru í bænum hans.

Páfinn lagði áherslu á að hver og einn yrði að vinna í hugrekki sínu til þess að börnin, sem síst gætu varið sig, nytu ávallt verndar og öryggis.

Páfinn lét rigningardembur ekki stöðva sig í að yfirgefa páfabíreiðina til þess að faðma fatlaða og börn þar sem hann fór um.

Þá kom á óvart að hann fór í bifreið sinni út fyrir páfagarð yfir á Rómars-træti til að heilsa þeim þúsundum sem ekki komust fyrir á torginu. - óka

Brotið á unglingsstúlku:

Fékk ekki þjónustu sem þurfti

MANNRÉTTINDI Réttindi unglingsstúlku með þroska- og geðraskanir voru margbrotin af félagsmálanefnd Álftaness, samkvæmt álitni Barnaverndarstofu. Stúlkan fékk ekki þjónustu í samræmi við þarfir sínar. Rúv greindi frá málinu í kvöldfréttum í gær.

Vegna þessa telur Barnaverndarstofa ástæðu til að skoða sérstaklega málsmeðferð nefndarinnar í öðrum málum sem komið hafa á hennar borð. Nefndin hafi brotið barnaverndarlög þegar stúlkan hafi verið vistuð hjá einstaklingum sem ekki höfðu leyfi samkvæmt lögum til þess að vista börn. Um er að ræða hótél í Hafnarfirði og sambýli fyrir fatlaða í Króksmýri og í Vinakoti. - hó

Pingmaður handtekinn:

Sakaður um að nauðga tveimur

BRETLAND, AP Nigel Evans, pingmaður Breska íhaldsflokksins sem handtekinn var vegna gruns um að hafa nauðgað tveimur mönnum, ber af sér sakir.

Evans var handtekinn á laugardag og færður til yfirheyrslu vegna kynferðisbrota sem áttu að hafa átt sér stað milli júlí 2009 og mars 2013.

Í yfirlýsingu kvæðst Evans þar til um helgina hafa lítið á mennina sem bera á hann sakir sem vini. „Ásakanirnar eru uppspuni frá rötum,“ segir hann. - óka



NIGEL EVANS

Fyrirtæki í eigu Disney stal íshrúti

Áhugaljósmyndari hannaði furðuveru sem hann sá síðan fyrir tilviljun í erlendum tölvuleik. Leikjafyrirtækið er í eigu Disney, sem býður 150 þúsund króna greiðslu gegn því að fá að eiga hugsmíðina. Ljósmyndarinn skrifaði ósáttur undir samning.

FÓLK Þorsteini Úlfari Björnssyni, kvikmyndagerðarmanni og áhugaljósmyndara, brá heldur betur í brún á dögnum þegar furðuvera í líki ísbjarnar með hrútshöfuð, sem hann sjálfur hafði búið til og sett saman með aðstoð myndvinnsluforritsins Photoshop, birtist í tölvuleik sem hann var að spila.

Tölvuleikurinn heitir Gardens of Time og er frá fyrirtæki sem heitir Playdom og er í eigu Disney. Þorsteinn setti myndina af furðuverunni inn á ljósmyndavefinn Flickr.com í júlí 2008 undir yfirskriftinni „Polar Sheep?“. Íshrúttinn hannaði hann upphaflega fyrir auglýsingu.

Á spjallborði á vefnum ljósmyndakeppni.is lýsir Þorsteinn því hvernig hann sá íshrúttinn fyrir einskæra tilviljun þar sem hann sat og spilaði tölvuleikinn. „Þegar ég var búinn að spila þennan leik og kominn í 10. borð missti ég andlit. Þar var helvísk ísrollan kominn sem hluti af leiknum og meira að segja kölluð sama nafni og á Flickrinu mínu eða Polar Sheep? Það þarf náttúrlega ekki að taka það fram að Disney og/eða Playdom höfðu ekki samband við mig varðandi notkun, sem hefði verið auðvelt fyrir þá þar sem netfangið mitt kemur fram á Flickrinu.“

Þorsteinn Úlfar hafði samband við lögmann og var í kjölfarið boðinn samningur frá Disney þar sem farið var fram á að hann afsalaði sér öllum rétti til myndarinnar. Á spjallinu segir Þorsteinn að Disney hafi boðist til að borga honum 1.300 dollara, eða um 150.000 krónur, fyrir að ljúka málinu í góðu.

Samkvæmt heimildum hefur



FURÐUVERA Íshrútturinn eða Polar sheep eins og Þorsteinn Úlfar kallar furðuveruna sem hann bjó til. MYND/PORSTEINN ÚLFAR BJÖRNSSON

Par var helvísk ísrollan kominn sem hluti af leiknum og meira að segja kölluð sama nafni og á Flickrinu mínu eða „Polar Sheep?“

Þorsteinn skrifaði undir samning við Disney en í honum er jafnframt ákvæði um að hann tali ekki um samninginn eða málið opinberlega. Þorsteinn tjáði sig hins vegar á spjallþræðinum áður en hann skrifaði undir samninginn og var þá ekki mjög hrifinn. „Svo á ég að halda kjafti og ekki ræða þetta við nokkurn mann. Þá ætla þeir að senda lögfræðinga á mig. Aukinheldur



SKJÁSKOT AF LEIKNUM Á myndinni má sjá íshrúttinn. Einnig sést að notast er við nafnið Polar sheep.

sem ég á að láta frá mér allan rétt til að sækja þá til saka ef þeir brjóta samkomulagið,“ skrifaði hann þar.

Eins segist hann þar ósáttur við upphæðina sem þeir buðu honum eftir að hafa stolið myndinni. „Hefði verið sáttur með 1.300 dollara ef þeir hefðu spurt um leyfi. Jafnvel minna. En þeir stálu myndinni og það er ég ósáttur við.“

hanna@frettabladid.is

Íslenskt verkefni að fyrirmynd Google Street View í startholunum:

Já í tilraunir með þrívíddarkort

TÆKNI Upplýsingaveitan Já, sem rekur meðal annars vefinn já.is, hefur í dag tilraunaverkefni sem miðar að því að gera þrívíddarmyndir af íslenskum vegum aðgengilegar á kortavefum fyrirtækisins. Þessi þjónusta yrði að erlendri fyrirmynd, en tæknirisinn býður upp á Google Street View á kortavef sínum þar sem sjónarhorn notanda er frá götunni. Sú þjónusta Google er ekki í boði á Íslandi sem stendur.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já, segir í samtali við Fréttablaðið að undirbúningur verkefnisins sé aðeins á byrjunarstigi. Tækjabúnaðurinn sé nýkominn til landsins og prófanir hefjist í dag. Enn liggi ekkert fyrir um hvort og hvenær þjónustan verði tekin í notkun, það muni þó skýrast á næstu dögum.

„Við köllum verkefnið „Já 360“ og ætlum einmitt að nýta þetta myndefni til að bæta inn á kortin hjá okkur, ef tilraunir næstu daga takast eins og við erum að vona,“ segir Sigríður.

„Við horfum að sjálfsögðu til fjölfarinna vega en ekki síður til vinsælla ferðamannastaða til að nýta fyrir ferðaupplýsingavefinn okkar.“



MYNDAVÉLABÍLLINN Notendum kortavefs Já gæti staðið til boða að skoða kortin eins og þeir standi á götunni, ef fram fer sem horfir. Myndavélabíllinn fer af stað í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Heyrðu mig nú!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Vertu í sterkara sambandi með Galaxy S II Plus og Snjallpakka

Samsung
Galaxy S II Plus

3.990 kr.

Á mánuði í 18 mánuði*

64.900 kr. staðgreitt

Tilboð! 3000 SMS

og 3 GB á mánuði

eru innfalin í öllum

Snjallpökkum

til 1. júní 2013



3.490 kr./mán.

300

300 mín. | 300 SMS | 300 MB

4.990 kr./mán.

500

500 mín. | 500 SMS | 500 MB

Veldu Snjallpakka sem hentar þér

Snjallpakinn er frábær áskriftarleið þar sem þú færð SMS, gagnamagn og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma óháð kerfi. Engin upphafsgjöld eru af inniföldum mínútum.

Fjölskyldan alltaf í sambandi

Í Núllinu talar fjölskyldan saman fyrir 0kr.

Gildir til 27 landa

Notaðu mínúturnar til að hringja í heimasíma í 27 löndum.

Hafðu stöðuna á hreinu

Í Símaappinu geturðu fylgst með notkuninni.

Síminn

GENGIÐ
03.05.2013

	Bandaríkjadalur	115,8	116,36
	Sterlingspund	180,19	181,07
	Evra	151,91	152,77
	Dönsk króna	20,377	20,497
	Norsk króna	19,954	20,072
	Sænsk króna	17,809	17,913
	Japanskt jen	1,1802	1,1872
	SDR	174,9	175,94

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
207,1912

Hitastig gæti farið yfir tíu gráður á Vesturlandi um miðja viku:

Ekkert lát á snjóþyngslum nyrðra

VEÐUR „Það eru engin sérstök hlýindi á næstunni en það verður þó hlýrra en hefur verið undanfarnar vikur,“ segir Teitur Arason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Spurður hvort Norðlendingar, sem margir eru orðnir langþreyttir á snjónum, megi búast við leysingum segir Teitur að ekki megi búast við meiri snjó eftir að stytta upp síðdegis í dag. „Þá ætti ekki að snjóa meira í bili. En það þarf að fá hlýja sunnanátt til að taka snjóinn, og hún er því

miður ekki sjáanleg næstu sjö, átta daga.“ Það er bjartara yfir Vestfjörðum ef marka má Teit, en þar gæti hitastigið farið yfir tíu stig um miðja vikuna. „Það er heldur hlýrra almennt yfir landinu en hefur verið, en það kólnar síðan aftur yfir helgina með frekar kaldri vætu. Það má því búast við heldur betra veðri en hefur verið undanfarið en það verður samt ekkert til að hrópa húrta fyrir.“ -hó



VETUR Þó svo að sumarið sé komið að nafninu til er einhver bið í að Norðlendingar losni við snjóinn.

Enn finnast lík í Banglades: Tala látinna komin yfir 600

BANGLADESS, AP Yfir sex hundruð lík hafa nú fundist í rústum fata-veksmiðjunnar sem hrundi í Banglades fyrir rúmri viku, að sögn lögregluvalda á staðnum. Að kvöldi sunnudags sagði lögregla að tala látinna væri komin upp í 610. Frá því á miðvikudag hafa yfir 200 lík fundist, en þá sögðu yfirvöld að aðeins 149 væri saknað. Stækjan af rotnandi líkum liggur yfir rústum byggingarinnar, sem var átta hæða há. -óka



BORGARNES Fram í miðjan næsta mánuð má búast við töfum við Borgarfjarðarbrú. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umferðarljós við Borgarfjarðarbrú

SAMGÖNGUR Umferð um Borgarfjarðarbrú er nú stýrt með ljósum vegna vinnu sem þar fer fram við brúargólf.

„Búast má við töfum ef umferð er mikil,“ segir í tilkynningu Vegagerðarinnar. Auk vinnu við brúargólf er verið að breikka uppfillinguna beggja vegna brúarinnar. „Hraði er tekinn niður og vegfarendur þurfa að gæta varúðar.“

Áætlað er að vinna við brúna standi til 15. næsta mánaðar. -óka

Segja mikla hagsmuni í húfi: Vöruðu við eignarnáminu

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarfulltrúar Samfylkingar segjast hafa haft uppi varnarorð þegar Kópavogsbær tók hluta Vatnsenda-jarðarinnar eignarnámi árið 2007.

„Meðal annars töldum við eignarhald á Vatnsenda ekki skýrt og alls ekki ljóst hvort ábúandi á jörðinni færi með eignarhald,“ segir í tilkynningu bæjarfulltrúanna. Þeir segjast hafa verið á móti eignarnámssátt sem gerð var 2007 og töldu eðlilegra að bærin tæki alla jörðina eignarnámi án samninga við ábúanda. Samkvæmt nýföllum dómi hæstaréttar er óljóst hver fer með eignarhald á Vatnsenda-jörðinni. -óka

Stór verkefni krefjast styrks þingmeirihluta

Viðræður um myndun ríkisstjórnar hófust í gær þegar Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson settust að fundi. Sigmundur segir eðlilegast að leita eftir sem öflugustum þingmeirihluta í ljósi þeirra verkefna sem liggja fyrir.

STJÓRNARMÁL Stjórnarmyndunarviðræður milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hófust í gær og munu halda áfram í dag. „Óvenju vandasöm verk“ biða úrlausnar á næsta kjörtímabili að sögn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formaður Framsóknarflokksins. Því sé eðlilegast að leitast við, í fyrstu atrennu hið minnsta, að mynda ríkisstjórn með nægilega öflugan meirihluta á þingi til að hafa afl til að sinna þeim verkum.

Í tilkynningu um stjórnarmyndunarviðræðurnar segist Sigmundur hafa fundið góðan vilja hjá Bjarna til að vinna að aðgerðum vegna skuldamála. Horft verði til hugmynda beggja flokkanna til að ná settu marki í þeim málum.

Bjarni og Sigmundur vildu ekki tjá sig að loknum fundi.

Allt frá því fyrir kosningar var líklegasta stjórnarmynstrið talið vera Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, enda fengu flokkarnir 38 þingsæti af 63.

Þó virtist örla á efasemdum í síðustu viku um að áherslur flokkanna væru samræmanlegar.

Í samtölum Fréttablaðsins við nokkra þingmenn flokkanna tveggja var hins vegar ekki annað að heyra en að fullur vilji væri til þess að

Fyrirsjáanlegt að B og D hefji leikinn

Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, segir nokkuð fyrirsjáanlegt að fyrst sé reynt við þetta stjórnarmynstur.

„Það var ekkert óeðlilegt við það að Sigmundur kannaði stöðuna hjá öllum hinum flokkunum en það var alltaf líklegast að stærstu flokkarnir – þeir einu sem geta myndað tveggja flokka stjórn og hafa verið saman í stjórnarandstöðu í fjögur ár – byrjuðu á því að reyna að ná saman.“

Grétar segir að einhver munur sé á stefnuskrám flokkanna en það þurfi ekki að koma í veg fyrir að saman nái.

„Það dettur engum í hug að báðir flokkar nái sínu ítrasta fram í stjórnarmyndunarviðræðum. Það er því ljóst að flokkarnir munu nú reyna að finna málamiðlun sem báðir geta sætt sig við.“



GRÉTAR ÞÓR EYÞÓRSSON



STJÓRNARMYNDUN Á DAGSKRÁNNI Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson funduðu í gær um myndun ríkisstjórnar. Ekkert var gefið út um hvað rétt var um en aðstoðarmaður Sigmundar sagði fundinn hafa verið góðan og farið hefði verið yfir ýmis mál.

flokkarnir tveir næðu saman um stærstu málaflokkana, meðal annars skuldamál, atvinnumál og skatta. Mestar líkur voru taldar á því að samstarf þeirra yrði raunin.

Bjarni sagði í viðtali við Bylgjuna í gær að hann myndi ekki gera kröfu um að fá forsætisráðherra-stólinn í þessum viðræðum. Flokkarnir hafa ekki gefið sér tímaramma um viðræðurnar en Bjarni sagðist bjartsýnn á að þær gætu gengið fljótt fyrir sig.

„Ég er bjartsýnn á að vikan muni reynast okkur drjúg til að ljúka verkinu.“

thorgils@frettabladid.is



TEIKNIMYNDAFÍGÚRUR Meðlimir hljómsveitarinnar Sigur Rósar eins og þeir koma fyrir í þættinum.

Sigur Rós í teiknimynd: Semur tónlist fyrir Simpsons

FÓLK Hljómsveitin Sigur Rós er fyrsta hljómsveitin sem fengin er til að semja tónlist sérstaklega fyrir gamanþáttinn The Simpsons. Að auki mun meðlimum hennar bregða fyrir í sama þætti, sem frumsýndur verður 19. maí næstkomandi.

Þátturinn nefnist The Saga of Carl Carlsson og segir frá því þegar umræddur Carl, Homer, Moe og Lenny vinna stóra vinninginn í happdrætti. Carl stingur hins vegar af með allan peninginn til heimalands síns, Íslands. Homer, Moe og Lenny veita Carl eftirför og upphefst mikið ævintýri í anda þáttanna. -sm

ELDSVÖÐI

Eldur í í skorsteini

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út aðfaranótt sunnudags vegna elds sem kviknaði í skorsteini á veitingahúsi við Barónsstíg. Vel gekk að slökkva eldinn og skemmdir voru ekki alvarlegar.

VIÐBÚNAÐUR

Æfðu hópslys á Akureyri


Um 400 manns tóku þátt í flugslysaæfingu sem haldin var um helgina á Akureyrarflugvelli. Fram kemur í tilkynningu Isavia að æfingin hafi byggt á flugslysaáætlun flugvallarins og þátt hafi tekið fólk frá öllum viðbragðsaðilum á svæðinu, þar á meðal björgunarsveitir, lögregla, landhelgisgæsla, prestar og heilbrigðisstarfsfólk.

ora
Ástríða í matargerð

Grillum saman í sumar

Ora grillsósar... ..fast í næstu verslun!


Veðurspá




TÍÐINDALÍTIÐ Í dag verður strekkingur á Snæfellsnesi og Vestfjörðum en lægir smám saman í kvöld og nótt. Á morgun og miðvikudag verður yfirleitt fremur hægur og á miðvikudaginn eru horfur á björtu og úrkumulitlu vindri víðast hvar.

Alicante 25°	Berlín 23°	Friedrichshafen 19°	Las Palmas 24°	New York 18°	París 20°
Apena 28°	Billund 18°	Gautaborg 14°	London 20°	Orlando 25°	San Francisco 17°
Basel 22°	Frankfurt 23°	Kaupmannahöfn 14°	Mallorca 21°	Ósló 19°	Stokkhólmur 16°

Gildistími korta er um hádegi



Á morgun
Strekkingur SA-til, annars hægar.



Miðvikudagur
Viða hæg breytileg átt.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður





1.000

MILLJÓNIR SKATTFRJÁLSAR

Nýtt happdrættisár framundan



SEX X VW BJALLA!

Sex sinnum á happdrættisárinu verður dregin út Volkswagen Bjalla, sportlegur lúxusbíll, 5 milljóna virði.

MILLJÓNAVINNINGAR

7x6 milljónir og 39x4 milljónir

Fjórtán 3 milljóna króna og sjötíu og átta 2 milljóna króna vinningar á einfaldan miða.

Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.

Miðaverð 1.300 kr. á mán. fyrir einfaldan miða.

Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.



STYRKU MÁLEFNI
ALDRADRA



5 MILLJÓNIR KRÓNA Í SKOTTINU
á tvöfaldan miða
eða 10 milljónir í peningum.

dregið í hverri viku

VEISTU SVARIÐ?



1. Af hverju hefur Landspítalinn kært starfsmann sinn til lögreglu?
2. Hversu miklu amfetamíni mistókst að smygla hingað í janúar?
3. Hvað eiga þingmenn, ráðherrar og aðstoðarmenn rétt á miklum biðlaunum?

SVÖR
1. Starfsmáðurinn gekk réttindalaus í stöf. 2. Startsmáðurinn gekk réttindalaus í stöf. 3. Rímilega hálfu klíði auk amfetamínabasa.

Mildi þykir að enginn hafi slasast alvarlega í hörðum árekstri á Akureyri:

Bílstjóri jeppa grunaður um ölvun

SLYS „Dóttir mín, tveggja og hálf árs, var með okkur í bílnum en blessunarlega slapp hún ótrúlega vel,“ segir Bjarki Kristjánsson. Bíll sem hann ók lenti í hörðum árekstri við jeppa við Leirubru á Akureyri á laugardag. Í bílnum var einnig systir Bjarka.

Áreksturinn var mjög harður, en bílarnir, sem komu hvor úr sinni áttinni, voru á miklum hraða. Systir Bjarka viðbeinsbrotnaði við áreksturinn en talið er að viljað hafi dóttur hans til happs að hún

var í nýlegum og góðum barnabílstól. Stúlkan dvaldi þó sólarhring á sjúkrahúsi, þar sem lækna vildu fylgjast með ástandi hennar.

Sjálfur segist Bjarki vera aðeins stírdur. „Þetta er alveg ótrúleg heppni og ég er ótrúlega þakklátur að við séum öll í lagi.“

Klippa þurfti ökumann jeppans úr bifreið sinni, en grunur leikur á um að hann hafi verið undir áhrifum áfengis. Maðurinn mun þó ekki hafa meiðst alvarlega. Bílarnir eru báðir ónýtir.



EYÐILEGGING Áreksturinn var mjög harður, eins og sjá má á bílnum. Þeir eru báðir ónýtir. MYND/PORGEIR BALDRUSSON

Ferðamönnum fjölga í ár: Yfir þriðjung fleiri ferðamenn

FERÐAMÁL Frá áramótum hafa 167.902 erlendir ferðamenn komið hingað til lands. Það er 42 þúsund fleiri en í fyrra. Aukning milli ára nemur 34 prósentum.

Bretum hefur fjölgað mest, um 52 prósent. Norðurlandabúum hefur fjölgað hlutfallslega minnst, um 7,8 prósent.

Íslendingar sem héldu utan voru ögn færri en í fyrra. Þeir eru frá áramótum 99.554. Á fyrstu fjórum mánuðum síðasta árs fóru 100 þúsund utan.

Talar fyrir umhverfisvernd: Segir einhverja þjóð verða að brjóta ísinn

UMHVERFISMÁL Einhver þjóð þarf að verða fyrst til að tilkynna að olía, gas og kol verði ekki unnin úr jörðu. Þetta sagði rithöfundurinn og umhverfissinninn Bill McKibben á fundi sínum með fulltrúum þingflokka um helgina.

McKibben sagði einhverja þjóð þurfa að brjóta ísinn í þessum efnunum. Yfirlýsing í

þessa veru yrði markvert framlag af hálfu Íslands til að sporna gegn loftslagsbreytingum.

Fundinn með McKibben sátu fyrir hönd þingflokka Illugi Gunnarsson, Vigdís Hauksdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Helgi Hrafn Gunnarsson.

- óká



BILL MCKIBBEN

Barnaklám fannst í farsíma: Barnaníðingur í 25 ára eftirlit

BANDARÍKIN Tíu árum var bætt við eldri fimm ára fangelsisdóm yfir tuttugu og sex ára fanga í Bandaríkjunum fyrir að hafa barnaklám í fórum sínum innan veggja áfangageimilis. Hann verður einnig hafður undir eftirliti í 25 ár eftir að afpláun lýkur.

Maðurinn, Jeremy Huart, var áður verið dæmdur fyrir vörslu barnakláms árið 2008 í Illinoisríki og fékk þá rúmlega fimm ára dóm. Árið 2010 var hann fluttur á áfangageimili en stuttu síðar uppgötvaðust 214 barnaklámsmyndir í farsímanum hans. Hann verður nú aftur færður í almennt fangelsi.

- sv

Ísraelsher lætur sprengjum rigna á höfuðborg Sýrlands

Ísraelsher gerði loftárás á Damaskus aðfaranótt sunnudags. Yfirvöldum landanna tveggja ber ekki saman um hvert skotmark árársinnar var. Haldi árársinnar áfram standa sýrlensk stjórnvöld frammi fyrir valþröng.

BEIRÚT, AP Ísraelsher gerði loftárás á Damaskus, höfuðborg Sýrlands, aðfaranótt sunnudags. Sýrlenskum og ísraelskum stjórnvöldum ber ekki saman um hvert skotmark árársinnar hafi verið. Samkvæmt ísraelskum stjórnvöldum var markmið árársinnar að eyða stýriflaug sem verið var að flytja frá Íran til Líbanon og var ætluð Hezbollah-samtökunum.

Sýrlenskir ríkisfjölmiðlar halda því fram að eldflaugarnar hafi hæft þrjár herstöðvar og rannsóknarstofu í grennd við Damaskus og að mannfali hafi orðið. Þetta er önnur loftárásin sem Ísrael gerir á Sýrland síðustu daga og sú þriðja frá áramótum.

Í bréfi sem utanríkisráðuneyti Sýrlands sendi Sameinuðu þjóðunum kemur fram að þarlend stjórnvöld fordæmi árársina og telji hana svívirðilega. Þar segir jafnframt að mikil eyðilegging hafi orðið í höfuðborginni við árársina og að með henni hafi ísraelsk stjórnvöld lagt sýrlenskum hryðjuverkamönnum lið, en þar er átt við her uppreisnarmanna sem hafa barist við sýrlensk stjórnvöld í nærri tvö ár.

Aðgerðasinnar í Sýrlandi segja ísraelsku eldflaugarnar hafa hæft skotmark sitt því mikil sprenging hafi orðið við árársina og að mikill appelsínugulur blossi hafi blossað upp í kjölfar hennar. Sýrlenskur blaðamaður sagði í viðtali við breska ríkisútvarpið, BBC, að það væri engu líkara en að jarðskjálfti hefði skekið borgina.

Frá því að uppreisnin í Sýrlandi hófst í mars árið 2011 hafa ísra-



ÁRÁSIR HALDA ÁFRAM Ísraelsher gerði loftárás á Damaskus aðfaranótt sunnudags. Ísraelsk stjórnvöld segja tilgang árársinnar hafa verið að eyða stýriflaug sem flytja átti til Líbanon. Myndin er fengin úr fréttatíma Ugarit-fréttastofunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

elsk stjórnvöld ítrekað lýst því yfir að þau ætli ekki að blanda sér í átökin.

Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hefur þó áður komið því á framfæri að leiki grunur á um að verið sé að flytja vopn ætluð Hezbollah um Sýrland verði gripið til aðgerða líkt og nú hafi komið til.

Á meðan segjast sýrlensk stjórnvöld, undir stjórn Bashar Assad forseta, líta svo á að með árárunum sé Ísraelsher að veita uppreisnarmönnum lið. Með þessu eru sýrlensk stjórnvöld talin reyna að

3 Frá áramótum hefur Ísraelsher þrisvar staðið fyrir loftárásum á Damaskus, höfuðborg Sýrlands.

grafa undan trúverðuleika uppreisnarmanna. Haldi árársinnar áfram stendur stjórn Assads þó frammi fyrir mikilli valþröng; aðgerðaleyfi að hálfu stjórnvalda mætti túlka sem veikleika en gjaldi þau líku líkt er hætta á enn frekari árásum frá öflugum her Ísraels.

sara@frettabladid.is



FLUGSKEYTI Haustið 2010 sendi íranska varnarmálaráðuneytið út myndir af uppferðum Fateh-110 stýriflaugum í vörhúsi í Teheran. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Í RÖÐ Langar biðraðir mynduðust við kjörstaði í Malasíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðandi flokkar í Malasíu hafa nú unnið 13 kosningar í röð frá árinu 1957:

Stjórnin heldur óslitnum völdum

MALASÍA, AP Þjóðarfylkingin, flokkur Najibs Razak forsætisráðherra, fékk 112 af 222 þingsætum sem í boði voru í kosningum sem fram fóru í gær.

Ríkisstjórnarflokkarnir halda með þessari niðurstöðu óslitnum völdum frá því að landið fékk sjálfstæði frá Bretum árið 1957. Síðan þá hafa verið haldnar tólf þingskosningar.

Flokkur forsætisráðherrans mætti engu að síður samhentari

andstöðu en áður í sameinuðu framboði þriggja flokka. Leiðtogi stjórnarandstöðunnar, Anwar Ibrahim, hefur sakað stjórnina um hroka, brúð og mismunun þjóðarbrotu.

Fyrir kosningarnar var Þjóðarfylkingin með 135 sæti í þinginu og hefur því tapað 23 þingsætum.

Metþáttaka var í kosningunum, en tíu milljónir af um þrettán milljónum skráðra kjósenda mættu á kjörstað, eða um áttatíu prósent.

- óká



BÚIN AÐ KJÓSA Kona heldur á loft lituðum fingri sem er til marks um að hún sé búin að kjósa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HÖNNUN
3mm að framan og 9mm að aftan. Aðeins 1.3 kg.

HRAÐI
Kveikir á sér á 2 sekúndum. Intel i7 örgjörvi. 128GB Solid State.

FEGRÐ
Hringburstuð stálumgjörð. Framúrskarandi verðlaunahönnun.

ASUS ZENBOOK™

TÖLVU LISTINN

tl.is

HONDA
The Power of Dreams

HALLÓ BORG.

CR-V SNIDINN FYRIR SNÚNINGA.



*Besti 4x4 bíll ársins samkvæmt Total 4x4 Magazine. Myndin sýnir Honda CR-V Executive útfærslu.

HONDA CR-V 4X4, KOSTAR FRÁ KR. 5.490.000

HALLÓ. MEIRA NÝTT.

Halló Borg! Allir þekkja lipurð og öryggi Honda CR-V. Fjórða kynslóð Honda CR-V setur ný viðmið í ferðarægindum, gæðum innréttinga og auknu öryggi í akstri. Ný stopp-start tækni ásamt sparnaðarráðgjafa lækkar eldsneytiskostnaðinn. Upplýsingaskjár, átta fjarlægðarskynjarar og bakkmyndavél víkka sjóndeildarhringinn. Með aksturseginnleika Honda CR-V óskar þú þér fleiri ferða um borg og bæ.

Lifðu meira nýtt og veldu Honda CR-V. Besta 4x4 bíll ársins*.

WWW.HONDA.IS/CR-V



Umboðsaðilar:

Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bilver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

BERNHARD

Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

HEIMURINN



Skattar hækkaðir á olfugeirann í Noregi

1 NOREGUR Norska ríkisstjórnin leggur til að skattbyrðin verði aukin hlutfallslega á olíuðnaðinn í landinu til að ýta undir vöxt í öðrum geirum atvinnulífsins. Jens Stoltenberg kynnti í gær nýja tekjuáætlun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir því að hækka skatta á olíuðnaðinn um sem nemur 70 milljörðum norskra króna (tæpum 1.400 milljörðum íslenskra króna) fyrir árið 2050. Tekjuaukningin fæst með því að fækka mögulegum leiðum til skattaafsláttar í iðnaðinum. Um leið er gert ráð fyrir því að lækka fyrirtækjaskatt úr 28 prósentum í 27 prósent frá og með næsta ári.

Mótmæla auknum réttindum samkyndra

2 FRAKKLAND Þrátt fyrir að lög hafi verið samþykkt í apríllok sem heimila hjónaband samkyndra í Frakklandi mótmæla sumir Frakkar enn lögnum. Þannig blés „La Manif Pour Tous“ til mótmæla í Toulouse í gær.



Verslunarmiðstöðvafagengi stöðvað

3 SPÁNN Lögregla á Spáni hefur handsamað þungvopnað þjófagengi sem sagt er hafa staðið fyrir margvíslegum ránum. Gengið er til að mynda í þrígang sagt hafa ráðist á verslunarmiðstöð í ferðamannaparadísinni Mallorca með aðferðum sem alla jafna einkenna árásir þrautþjáfaðra hermanna. Meðal þeirra fimm sem handteknir hafa verið eru Breti sem spænska innanríkisráðuneytið segir vera fyrrverandi breskan sérsveitarmann, sérfræðing í vopnum og herkænsku. Tveir voru líka áður í spænska hernum. Einnig var handtekinn öryggisvörður í verslunarmiðstöðinni sem veitt hafði hópnum upplýsingar.

Bálreiðir sikhar



Átök brutust út milli lögreglu í Nýju-Delí á Indlandi og sikha sem hrópuðu slagorð gegn stjórnvöldum og mótmæltu sýknudómi yfir stjórnarþingmanninum Sajan Kumar í morðmáli á hendur honum. Dómstóll í Nýju-Delí kvað upp sýknudóm sinn 30. apríl, en málið á hendur Kumar tengist fjöldamorðum á sikhum eftir að Indira Gandhi, forsætisráðherra Indlands, var myrt árið 1984.

NORDICPHOTOS/AFP

Vertíðarlök

Allur hvítur fiskur úr fiskborði

1.390 kr.kg

- Gellur nýjar og saltaðar
- Þorskhakkar
- Löngusteikur
- Keilusteikur
- Rauðsprettuflök
- Ýsuflök roðlaus beinlaus
- Þorsflök roðlaus beinlaus
- Hlýrasteikur
- Karfaflök
- Skötuselur
- Humarsúpa 1.390 kr.líter
- Fiskisúpa 1.390 kr.líter
- Allir fiskréttir úr hvítum fiski

Tilboðið gildir alla vikuna
6.maí- 11.maí

2 FYRIR 1

KINNAR

2 KG.

1.390 kr.

2 FYRIR 1

FISKIBOLLUR

2 KG.

1.390 kr.

Skata, kæst
& söltuð

790 kr.kg

Laxaflök og
silungsflök

1.790 kr.kg





HEILBRIGÐISTÆKNIDAGURINN

Heilbrigðistæknifélag Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Landspítali – háskólasjúkrahús efna til ráðstefnu um nám í heilbrigðisverkfræði og tækni nýs spítala **miðvikudaginn 8. maí kl. 13:15–16:00** í stofu M209 í HR.

DAGSKRÁ

13:15–13:20 Ávarp
Guðrún Sævarsdóttir, deildarforseti tækni- og verkfræðideildar

NÁM Í HEILBRIGÐISVERKFRÆÐI

- 13:20–13:40 **Heilbrigðisverkfræði við HR**
Haraldur Auðunsson, dósent við Háskólann í Reykjavík
- 13:40–14:00 **Kerfislíffræði við HÍ**
Sigurður Brynjólfsson, prófessor við Háskóla Íslands
- 14:00–14:20 **Læknisfræðileg líkanagerð – rannsóknir, nýsköpun og klínísk not**
Paolo Gargiulo, lektor við Háskólann í Reykjavík og ungur vísindamaður ársins á Landspítala – háskólasjúkrahúsi
- 14:20–14:40 Kaffihlé

NÝR SPÍTALI – TÆKNI OG HAGRÆÐING

- 14:40–14:50 **Af hverju nýr spítali?**
Ólafur Baldursson, lækningaforstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss
- 14:50–15:10 **Afköst og lækningatæki í nýjum spítala**
Gísli Georgsson, verkfræðingur hjá Nýjum Landspítala ohf.
- 15:10–15:30 **Sjúkrahúspjónusta fyrir landsbyggðarfólk: Viðhorf og kostnaður**
Stefán Þórarinnsson, lækningaforstjóri hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands
- 15:30–15:50 **Skilvirkari þjónusta. Flæði fólks og vöru í nýjum spítala**
Jóhannes Gunnarsson, læknisfræðilegur verkefnastjóri hjá Nýjum Landspítala ohf.
- 16:00 Lokaorð
Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands

Fundarstjóri: Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélags Íslands
Ráðstefnan er öllum opin. Aðgangur ókeypis. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á nefangið skraning@hr.is
Hvar: Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, stofu M209 á 2. hæð.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY





DJÚPVOGUR Verslunarstaðurinn Djúpvogur stendur á Búlandssnesi, milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar. Saga Djúpavogs samvinnast mjög verslunar-sögunni, en þar hefur verið rekin verslun í 420 ár. Frá upphafi hefur sjávar-útvegur verið mikilvæg atvinnugrein á staðnum, en við Djúpavog eru hafnar-aðstæður frá náttúrunnar hendi mjög góðar.

MYND/ANDRÉS SKÚLASON

Hæglæti verður í hávegum haft

Djúpvogshreppur er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi sem gengur til liðs við Cittaslow-hreyfinguna, sem snýst um aukin lífsgæði íbúanna og gesta þeirra. Áherslan er á virðingu fyrir fólki, staðbundna menningu og umhverfi. Gestrisni skal höfð í hávegum, sem og matur úr héraði.

Djúpvogshreppur er Cittaslow. Þetta segir á heimasíðu fyrsta og eina íslenska sveitarfélagsins sem hefur hlotið inngöngu í hreyfingu sem grundvallast á hugmyndafræði Hæglætishreyfingarinnar (The Slow Movement). Þar er haft að markmiði að byggja undir sérstöðu samfélagsins og láta það eiga sig að elta hnattvæðingu og hraðaáráttu samtímans.

Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpvogshrepps, segir hugmyndina ekki nýtilkomna. Undirbúningur vegna aðildarumsóknar hefur staðið um nokkurt skeið, en verkefnið var styrkt af Nýsköpunarmiðstöð Íslands. „Hugmyndafræðin fellur afar vel að stefnu sveitarstjórnar eins og hún hefur verið um skeið. Hún fellur að aðstæðum á Djúpavogi, og menn geta nú lagt sig eftir því að byggja undir sögu, menningu og staðbundna þætti í sveitarfélaginu.“

Gauti segir að fyrirhugað sé að kynna Cittaslow-hugmyndafræðina á opnum fundi nú með vorinu, þá í stórum dráttum. Á hausti komanda verður aftur á móti blásið í herlúðra og svokallaðir Íslenskir dagar – Cittaslow haldnir í sveitarfélaginu í samvinnu íbúa, félagasamtaka og atvinnulífs. „Þá tókum við eina langa helgi þar sem við verðum með smíðjur þar sem menn geta lært eitt og annað nytsamlegt. Það er þetta gamla íslenska; taka slátur, laga saft, úrbeina kjöt, tína og nýta sveppi og herða fisk. Allt kemur til greina og við erum á fullu í hugmyndavinnunni þessa dagana.“



Í **GLEÐIVÍK** Við höfnina í Gleðivík er glæsilegt listaverk eftir listamanninn Sigurð Guðmundsson. Verkið samanstendur af 34 eggjum jafnmargra fugla og verpa í Djúpvogshreppi. Eitt egg er stærst, en það er egg lómsins, sem hefur verið valinn einkennisfugl svæðisins.

MYND/ANDRÉS SKÚLASON

Gauti segir skipta miklu að fyrir-tæki á svæðinu geti fengið að nýta hugmyndafræðina, til dæmis með því að nota Cittaslow-lógó sveitarfélagsins í kynningarstarfsemi sinni. „Þetta er afar mikilvægt á tímum þegar krafa um upprunamerkingar matvæla- og þjónustufyrirtækja verður sífellt háværari.“

Aðlögunin átakalítið

Þegar kemur að því að laga samfélagið að Cittaslow-hugmyndafræðinni segir Gauti það skipta afar miklu máli að það sé átakalítið fyrir íbúa á Djúpavogi. Samfélagsgerðin sé með þeim hætti að hún falli þegar að mörgu sem þar er að

finna, en í aðalskipulagi hreppsins til ársins 2020 er verndun náttúru og menningarminja eins og rauður þráður.

Þegar hafa verið tekin stór skref. Lögð er áhersla á sérstöðu náttúrunnar, til dæmis í gegnum verkefnið Birds.is, en svæðið er paradís til fuglaskoðunar. Flokkun og endurvinnsla sorps hefur verið innleidd og stór skref verið tekin til fegrunar umhverfis. Þá hefur verið leitað leiða til að finna gömlum byggingum nýtt hlutverk.

Gauti nefnir einnig að vistvænn atvinnurekstur er sérstaklega boðinn velkominn. Skólar á svæðinu starfa undir merkjum Grænfanans

176 bæir og sveitarfélög í 27 löndum

→ Cittaslow-hreyfingin er afsprengi „Hæglætishreyfingarinnar“ (The Slow Movement), sem rekja má aftur til ársins 1986, þegar blaðamaður að nafni Carlo Petrini mótmælti opnun veitingastaðar McDonald's-skyndibitakeðjunnar á hinu einstaka Piazza di Spagna-torgi í Róm á Ítalíu.

→ Síðan hefur Hæglætishreyfingin með SlowFood-samtökin í fylkingarbrjósti unnið að því að upphefja staðbundna menningu með virðingu og vitund fyrir umhverfi og uppruna í öndvegi. Á undanförunum árum hefur hugmyndafræðinni vaxið ásmegin og hefur hún verið heimfærð á fjölmörg svið samfélagsins.

→ Í víðasta skilningi er markmið Cittaslow-hreyfingarinnar að auka lífsgæði og ánægju fólks með því að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðaáráttu í borgum og bæjum nútímans viðnám og heiðra þess í stað sérstöðu, vitund og sjálfbærni. Því er lögð áhersla á verndun náttúru og menningarminja, fegrun umhverfis, umhverfisgæði, notkun á nýjustu tækni í þágu samfélagsins, eflingu staðbundinnar matarmenningar og framleiðslu, öryggi og aðgengi, gestrisni, kurteisi og vinsamlegt viðmót.

Í apríl höfðu 176 bæir og sveitarfélög í 27 löndum víðs vegar um heiminn gerst aðilar að Cittaslow-hreyfingunni. Heimild: djupvogur.is



FRÁGENGIÐ Gauti Jóhannesson tekur við staðfestingu á þátttöku Djúpvogshrepps úr hendi framkvæmdastjóra Cittaslow-hreyfingarinnar, Pier Giorgio Oliveti.

og kaffi- og veitingahús leggja sig fram um að bjóða upp á staðbundið hráefni og framreiðslu.

Sérstaða

Það dylt engum sem þekkir til á Austurlandi að Djúpvogur sker sig úr að mörgu leyti. Sveitarfélagið hefur staðið utan við sameiningu sveitarfélaga og má halda því fram að sérstaðan gæti reynst ein helsta auðlindin þegar til framtíðar er

litið. Íbúaþróun og ekki síður íbúasamsetning er jákvæð, en eftirtektarvert þykir hversu þetta litla samfélag er ríkt af barnafjölskyldum, sem eru að sprengja skólana á staðnum utan af sér.

„Já, við erum bjartsýn,“ segir Gauti. „Það er sérstaklega jákvætt að ungt barnafólk kys að búa hér á Djúpavogi. Í því ljósi má horfa á framtíðarmöguleika staðarins.“

svavar@frettabladid.is

Varahlutir í bíla



HJÓLAFJÖR Nemendur í 4. bekk Langholtsskóla fylktu liði í endurvinnslustöð Hringrásar í Klettagörðum í gær og hleyptu söfnuninni formlega af stokkunum með söng og leik ásamt Skoppu og Skrítlu.

Barnaheill og Wow Cyclothon safna saman:

Gera upp notuð reiðhjól fyrir börn

SAMFÉLAGSMÁL Hjólasöfnun Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og hjólreiðakeppninnar Wow Cyclothon hófst fyrir helgi.

Þetta er í annað sinn sem staðið er fyrir söfnun á notuðum reiðhjólum fyrir börn og unglina, en söfnunin stendur til 3. júní. Hjólunum verður safnað á endurvinnslustöðvum Gámapjónustunnar, Hringrásar og

Sorpu á höfuðborgarsvæðinu. Þau verða síðan gerð upp, en þau eru ætluð börnum sem ekki hafa kost á því að kaupa sér reiðhjól.

Sækja má um hjól hjá Félagsþjónustunni og í gegnum Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Á Facebook-síðu hjólasöfnunarinnar getur fólk fylgst með og skráð sig til þátttöku í viðgerðum.


- h6

Framúrskarandi
fyrirtæki 2012

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Hámarkaðu afsláttinn



Afsláttarþrep Orkunnar + Þín stöð

Afsláttarþrep Orkunnar er nýjung á Íslandi þar sem Orkulyklahöfum býðst stighækkandi afsláttur af eldsneyti hjá Orkunni í takt við aukinn fjölda keyþtra lítra í mánuðinum á undan hjá Orkunni og Shell. Þín stöð bætist við Afsláttarþrep Orkunnar og verður afslátturinn þannig að hámarki 10 kr.

PREP 1 0-50L	3 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= 5 kr. afsl.
PREP 2 50-150L	5 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= 7 kr. afsl.
PREP 3 150L+	8 kr.	+ 2 kr. Þín stöð	= 10 kr. afsl.

Skráðu þig í Afsláttarþrep Orkunnar á orkan.is og hámarkaðu afsláttinn þinn.

Sjá nánar á www.orkan.is



www.orkan.is/afslattarthrep

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**


ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGR!

NÁGRANNAERJUR Á KÓREUSKAGA

FRÁ HRINGIÐU KALDA STRÍÐSINS...

- 2000** Þiðja í samskiptum nágrennaríkjanna þegar 3.500 föngum er sleppt í Suður-Kóreu og hundrað Norður-Kóreubúar fá að hitta ættingja í Suðurhlutanum.
- 2002** George W. Bush setur Norður-Kóreu í hóp „öxulvelda hins illa“. Herskip Norður- og Suður-Kóreu skiptast á skotum á Gulahafi þar sem tugir sjóliða falla.
- 2003** Pjongjang segist eiga nægt plúton til að búa til kjarnorkusprengju. Viðræður um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu hefjast en sigla í strand árið eftir.
- 2005** Norður-Kórea segist hafa búið til kjarnorkuvopn, í varnarskyni þó. Í viðræðum við Vesturveldin samþykkir Pjongjang að láta af þróun kjarnavopna gegn því að fá matvælaaðstoð og fullvissu um að ekki verði ráðist á landið.
- 2006** Norður-Kórea segist hafa sprengt kjarnorkusprengju í tilraunaskyni.

- 2007** Norður-Kóreumenn fallast á að loka kjarnorkuveri gegn því að fá olíu. Lofa að loka þremur öðrum kjarnorkuverum og binda enda á kjarnavopnagerð. Norður- og Suður-Kórea boða viðræður um að semja formlega frið, tæpum fimmtíu árum eftir að samið var um vopnahlé.
- 2008** Ný stjórn í Suður-Kóreu bindur aðstoð þeim skilyrðum að Norður-Kórea eyði kjarnavopnum og bæti úr stöðu mannréttinda í landinu. Samskiptin versna hratt. Norður-Kóreumenn gera tilraunir með skammdrægar eldflaugar og saka sunnanmenn um að hafa sent herskip inn í landhelgi sína. Norður-Kórea er tekin af lista Bandaríkjanna yfir ríki sem styðja hryðjuverk. Pjongjang veitir eftirlitsmönnum aðgang að kjarnorkuverum.
- 2009** Norður-Kórea skýtur upp eldflaug sem vekur reiði á alþjóðavettvangi. Sprengir svo kjarnorkusprengju í tilraunaskyni í annað sinn. Dæmir tvær bandarískar konur til þrælavinnu, en þeim er sleppt eftir að Bill Clinton sækir Kim heim.



1940

1950

1960

1970

1980

1990

2000

2010



1945 Sovétríkin og Bandaríkin skipta Kóreuskaga upp í áhrifasvæði eftir að hernámlið Japana er rekið á brott. Kommúnistar undir stjórn Kim Il-sung ná tökum á norðurhlutanum en Bandaríkin halda hlífiskildi yfir sunnanmönnum.

1948 Norður-Kórea lýsir yfir sjálfstæði

1950 Suður-Kórea lýsir yfir sjálfstæði. Kóreustríðið brýst út, stendur allt fram til 1953 þegar samið er um vopnahlé, eftir að tvær milljónir manna létust. Síðan þá hefur í raun verið stríð milli Norður-Kóreu og Bandaríkjanna án þess að komið hafi til beinna átaka.



1991 Norður- og Suður-Kórea fá aðild að Sameinuðu þjóðunum. Semja um aukin samskipti sín á milli, en fljótt slitnar upp úr því.

1993 Norður-Kórea slítur tengsl við Seúl.

1994 Kim Jong-il tekur við stjórnartaumunum í Pjongjang eftir að faðir hans fellur frá.

1998 Norður-Kórea skýtur eldflaug yfir Japan, sem lendir svo í hafinu. Heldur því fram að um gervihnött hafi verið að ræða.

2010 Suður-kóreska herskipinu Cheonan sökk. Norður-Kórea sökuð um glæpinn. Hert á refsiaðgerðum.

2011 Kim Jong-il deyr. Kim Jong-un tekur við stjórnartaumunum.

2012 Norður-Kórea segist geta varpað sprengum á meginland Bandaríkjanna. Eldflaug kemur gervihnötti á braut um jörðu en skotið er forðæmt af SP.

2013 Pjongjang stendur fyrir þriðju tilraunakjarnorkusprengingunni. Hlýtur að launum strangari refsiaðgerðir. Norður-Kórea hótar árásum á Bandaríkin. Kenneth Bae dæmdur til fimm tón ára þrælkunarvinnu í Norður-Kóreu fyrir glæpi gegn stjórnvöldum.



Sagan endalausar á Kóreuskaga

Þó að mikil athygli hafi beinst að deilum milli Norður- og Suður-Kóreu síðustu vikur og mánuði hafa fáir trú á því að allsherjar stríðs-átök muni brjótast út að þessu sinni. Í áraraðir hefur ástandið einkennst af reglubundnu upphlaupi frá Pjongjang sem er mætt með refsiaðgerðum. Norðanmenn þrýsta á um friðarviðræður en setja skilyrði sem Vesturveldunum þykja óásættanleg með öllu.

Porgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is



Nýlegur dómur þar sem bandarískur ríkisborgari, Kenneth Bae að nafni, var dæmdur til fimm tón ára þrælkunarvinnu í Norður-Kóreu er síðasta útspilið í yfirstandandi deilum á Kóreuskaga, en þar hefur tæknilega ríkt stríðsástand frá 1950 þegar stríð braust þar út milli Norður- og Suður-Kóreu, þar sem stórveldi Kalda stríðsins voru hvort sínum aðila til fulltingis.

Eftir lok stríðsátaka árið 1953 hefur ríkt ákveðið ógnarjafnvægi við 38. breiddargráðu þar sem fjögurra kílómetra breitt hlutlaust svæði skilur ríkin að. Ekki hefur enn verið samið um varanlegan frið og sú staðreynd er grundvallaratriði og útgangspunktur þeirra ill-saka sem Norður-Kórea treður við Bandaríkin og Suður-Kóreu.

Skilin í sundur eftir stríð

Eftir að Japönnum var bolað burt frá Kóreuskaga eftir seinna stríð skiptu Bandaríkjarnir og Sovétríkin skaganum með sér og miðuðu við 38. breiddargráðu. Bandaríkin litu á skiptinguna sem skamm-

tímaúrræði en Sovétmenn tóku norðurhlutanum föstum tökum með þeim afleiðingum að þúsundir flúðu suður á bóginn. Stórveldin náðu í framhaldinu ekki saman um hvernig ætti að standa að sameiningu landsins.

Kim Il-sung, sem hafði þjónað í sovéska hernum í seinna stríði, tók fljótt stjórnina í Norður-Kóreu, og skömmu síðar lýsti Suður-Kórea yfir sjálfstæði. Af þessu hlutust átök sem mögnuðust sífellt fram til 1950 þegar allsherjar stríð braust út. Þar barðist lið Sameinuðu þjóðanna, undir forystu bandaríska hershöfðingjans Douglas MacArthur, með Suður-Kóreu en norðanmenn fengu stuðning frá Kína og Sovétríkjunum. Eftir mannskæð átök þar sem hálf þriðja milljón manna lét lífið fór Bandaríkjunum og Sovétríkjunum að þverra stríðsþróttur og sæst var á vopnahlé vorið 1953.

Einbúinn umdeild

Norður-Kórea er nú einangradasta ríki veraldar, en það má rekja aftur til stefnu Kim Il-sung, sem lagði mikla áherslu á að Norður-Kórea væri sjálfu sér næg um sem flest.

Alvald Kims yfir ríki sínu og þegnum jókst stöðugt á löngum valdatíma, sem stóð frá 1948 fram



TAUMLAUS PERSÓNUDÝRKUN Þeir feðgar Kim Il-sung og Kim Jong-il eru tilbednir eftir andlát sitt, að því er má ráða af fréttum frá Norður-Kóreu.

til dauða hans árið 1994. Persónudýrkun var alltumlykjandi í þjóðfélaginu og minnkaði síst eftir að sonur hans Kim Jong-il tók við taumunum í Pjongjang. Ekki er enn útlit fyrir opnara þjóðfélag þrátt fyrir að þriðji ættliðurinn, hinn tæplega þrítugi Kim Jong-un, hafi tekið við.

Velmegun var fyrst um sinn meiri í Norður-Kóreu en í suðurhlutanum, en frá áttunda áratugnum hefur leið ríkjanna legið í ólíkar áttir; Suður-Kórea er eitt af helstu efnahagsveldum heims en allt frá öndverðum tíunda áratugnum, eftir að stuðningur frá Sovétríkjunum þvarr, hefur matarskortur og jafnvel hungursneyð verið landlæg í Norður-Kóreu. Það hefur þó ekki komið í veg fyrir að gríðarlega mikið sé lagt upp úr vörnum landsins, fjölmennum fastaher og þróun gjöreyðingarvopna.

Kjarnorkuvopn hafa einmitt verið notuð sem skiptimynt í viðræðum um mataraðstoð til handa Norður-

Kóreu, sem sakar Bandaríkin hins vegar um að halda aftur af eðlilegri þróun landsins með þvingunum.

Hvað þarf til?

Spennan síðustu vikur og mánuði er sprottin af refsiaðgerðum sem alþjóðasamfélagið lagði á Norður-Kóreu eftir eldflaugatilraunir fyrir í ár. Þriðja kjarnorkusprenging norðursins, í tilraunaskyni, varð svo til þess að enn var hert á skráfunni, og hin árlega heræfing Suður-Kóreu og Bandaríkjanna varð enn til þess að hvesa orðfæri Pjongjangmanna, sem létu í það skína að þeir myndu grípa til kjarnorkuárása á bandarísk skotmörk.

Að undanförunu hafa aðilar hins vegar gert því skóna að þeir séu til í viðræður, að uppfylltum ýmsum skilyrðum að sjálfsögðu. Dómurinn yfir Kenneth Bae er að mati margra sérfræðinga til þess fallinn að knýja á um að viðræður hefjist sem fyrst. Þetta tilfelli á sér margar hliðstæður, meðal annars árið 2009



þegar Bill Clinton, fyrrverandi forseti, sótti Kim Jong-il heim til að frelsa tvo fanga, og annar gamall forseti, Jimmy Carter, sótti Pjongjang heim í sömu erindagjörðum árið 2011.

Pjongjang hefur um áratugaskeið krafist þess að bundinn verði endi á Kóreustríðið með opinberum friðarsamningum og tvíhliða gríðarsamningum við Bandaríkin, sem hafa ekki sýnt vilja til þess í gegnum áratugin. Skilyrði Norður-Kóreu fyrir viðræðum er hins vegar að Sameinuðu þjóðirnar aflétti fyrst viðskiptabanninu og Bandaríkin láti af heræfingum með Suður-Kóreu og dragi kjarnavopn sín frá Suðaustur-Asíu, auk þess sem hætt verði gagnrýni á stjórnvöld í Pjongjang og Suður-Kórea biðjist afsökunar á meintum móðgunum í þann garð.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, fagnaði nýlega þessari viðleitni en ítrekaði að Pjongjang þyrfti að segja skilið við kjarnorkuáætlun sína áður en sest væri að samningsborðinu.

Enn eru mörg ljón í veginum áður en fer að rofa til á Kóreuskaga. Þangað til heldur spennan við 38. breiddargráðu áfram eins og síðustu 60 ár.

Ættarlaukurinn vill skapa sér nafn

Einn stærsti óvissuþátturinn í yfirstandandi deilu milli Norður-Kóreu annars vegar og Bandaríkjanna og Suður Kóreu hins vegar er leiðtogi norðursins, **Kim Jong-un**. Bæði er hann óreyndur í klækjum stjórn-málanna, þar sem einstigið milli oflátungsháttar og stríðsátaka er afar mjótt, og eins er ekki vitað hvort hann er leiksoppur herforingja sinna. Kim Jong-un er rétt tæplega þrítugur að því er talið er, og yngsti sonur Kim Jong-il heitins. Á barnsaldri sótti hann skóla í Sviss en tók við af föður sínum í árslok 2011 og hefur síðan verið að reyna að festa sig í sessi sem leiðtogi þjóðar sinnar.

Eitt af fyrstu markverðu embættisverkum hans var að láta skjóta á loft eldflaug, sem sögð var til þess fallin að koma gervihnötti á braut um jörðu. Skotið mistókst hrapplega, en í desember síðastliðnum tókst Norður-Kóreumönnum ætlunarverk sitt í vel heppnuðu eldflaugaskoti. Það vakti þó reiði alþjóðasamfélagsins, en deilan færðist enn á nýtt stig þegar Norður-Kóreumenn sprengdu kjarnorkusprengju meðanjarðar í tilraunaskyni. Enn er nokkur dulúð yfir leiðtoganum unga, sem kann þó að sögn kunnugra vel að meta körfubolta og er giftur Ri Sol-ju, sem er talin hafa verið söngkona áður en hún batt trüss sitt við Kim.



Í form fyrir golfið

Hentar þeim, sem vilja hámarka árangur sinn í golfi. Styrktar-, þol-, liðleika- og jafnvægisæfingar

- Þri. og fim. kl. 12:10–12:55
- Hefst 7. maí (4 vikur)
- Fyrir bæði konur og karla
- Þjálfari: Arndís Hulda Óskarsdóttir, íþróttafraeðingur
- Verð kr. 12.900



HEILSBORG

Heilsborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsborg.is

Skráðu þig núna í síma 560 1010
eða á mottaka@heilsborg.is



BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða

GLUGGAR

Fást í mörgum stærðum og gerðum,
t.d. TS 1020 úr tré, 149 x 119 cm.

AFMÆLISVERÐ

49.995.-!



5 ÁRA
BAUHAUS
ÁBYRÐ

BOSCH

**SKRÚFJÁRN MEÐ
HLEÐSLURAFHLÖÐU**
IXO IV Basic Vln. 3,6
volt. 180 snún./mín.
Hámáks snúningsátak
3 Nm. Tappatogari
og 5 klst. hleðslutæki
fylgir. Í tösku úr viði.

AFMÆLISVERÐ

3.495.-!

AFMÆLISVERÐ
1 ÁRS

BAUHAUS®



Camargue®

5 ÁRA
BAUHAUS
ÁBYRÐ

SAMOS VEGGHENGT SALERNI
Heildarsett, með salernisskál, inn-
byggðum vatnskassa og krómuðu
þrýstisþjaldi. Salernisseta fylgir ekki.

AFMÆLISVERÐ

14.995.-!



SKAGERAK GARHÚSGÖGN
Gæða garðhúsgögn úr
harðviði. Settinu tilheyrir
borð 90 x 150 cm, tveir
stólar og bekkur.

AFMÆLISVERÐ

29.995.-!

Auglýst verð gildir frá mánudegi 6. maí til og með fimmtudegi 9. maí 2013. Gildir á meðan birgðir endast.

Börn alkóhólista eru í mestri hættu:

Kaupum álfinn

Í dag hefst árleg álfasala SÁÁ og stendur út vikuna. SÁÁ eru félagsamtök sem reka sjúkrahúsið Vog og fjölda annarra meðferðarstofnana. Álfasalan er liður í að fjármagna barna- og fjölskyldudeild SÁÁ. Það má með sanni segja að fátt snerti börn okkar með jafn afdrifaríkum hætti og ofneysla áfengis. Og á Íslandi er áfengi misnotað fram úr hófi. Á Vog koma tveir af hverjum tíu karlmönnum einhvern tíma á lífsleiðinni og ein af hverjum tíu konum. Það er ótrúlegur fjöldi og í raun með ólíkindum hversu stór hluti þjóðarinnar á í vandræðum þegar kemur að áfengis- og vímuefnaneyslu.

SÁÁ hefur selt álfinn í tuttugu og þrjú ár og nemur söluhagnaðurinn á þessum árum fjögur hundruð og þrjátíu milljónum króna. Þessum peningum hefur meðal annars verið varið í að byggja upp unglingsdeild á Vog en ákall SÁÁ nú snýr að börnum alkóhólista. Sjúkdómurinn alkóhólismi virðist, samkvæmt nýjustu rannsóknum, leggjast á heilu fjölskyldurnar. Þannig er talið að næstum helmingi líkur séu á að sonur sem á pabba sem hefur farið á Vog leiti þangað sjálfur. Börn alkóhólista eru því miklu líklegri til að verða alkóhólistar sjálf síðar á lífsleiðinni. SÁÁ vill hefja forvarnarstarf sem miðar að því að ná til þessara krakka áður en þeir hefja neyslu.

Annað mikilvægt forvarnarstarf sem SÁÁ hyggst efla er stuðningur við unga foreldra sem leita til SÁÁ. Það er mikilvægt að efla foreldrahæfni þessa fólks og gera það að betri mömmum og betri pöbbum. Þannig næst að rjúfa þá keðju sem oft hefur myndast kynslóð fram af kynslóð.

Foreldrar á Íslandi hafa aldrei drukkið meira af brennivíni en nú. Fyrir fjórutíu árum var enn virk bindindishreyfing í landinu og þriðjungur kvenna á hinum svokallaða barneignaraldri drakk ekki áfengi. Í dag er þetta hlutfall að nálgast fimm prósent. Fyrir fjórutíu árum drakk aðeins einn af hverjum tíu pöbbum oft en einu sinni í viku en nú drekkur annar hver pabbi oft í viku. Auðvitað eru það ekki bara alkóhólistar sem drekka áfengi en þeir drekka mest og fara verst með það.

Saga samtakanna SÁÁ er mögnuð. Alkóhólismi er illvígur sjúkdómur og oft erfið að hafa samúð með sjúklingum sem hafa jafn slæm áhrif á umhverfi sitt og alkóhólistar sem eru ekki í bata frá sjúkdómnum. Við Íslendingar höfum búið með þessum sjúkdómi lengi og hann hefur komið mörgum í gröfina langt fyrir aldur fram.

Samtökin voru stofnuð árið 1977 af alkóhólistum og fjölskyldum þeirra. Erindi samtakanna var brýnt en alkóhólistar áttu þá litla von á bata frá sjúkdómnum. Meðferð var ekki virk í landinu og heppnustu sjúklingarnir leituðu til útlanda í meðferð. Annars var það bara Kleppur eða sjúkrahúsin, en alkóhólistar á Íslandi vissu að til væri betri leið. Að stofna hér afeitrunarstöð, Vog, og meðferðarstofnanir sem hjálpuðu alkóhólistum í bata að koma undir sig fótunum.

Nær allar fjölskyldur á Íslandi hafa notið góðs af starfi SÁÁ síðustu þrjátíu og sex ár. Og enn og aftur er erindið brýnt. Nú er mánudagur og börn virkra alkóhólista áttu ekki þá helgi sem þau eiga skilið. Tökum vel á móti söluþólki álfins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

„Snjöll og bráðskemmtileg spennusaga.“ BRYNDÍS LOFTSDÓTTIR BÓKSALI




HINIR RÉTTLÁTU

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hætti og fékk starfslokagreiðslur
Þegar leiðir Ríkisútvarpsins og Sigrúnar Stefánsdóttur, dagskrárstjóra útvarps og sjónvarps, skildu í október síðastliðnum fór ekki á milli mála að starfslokinn voru að frumkvæði Sigrúnar sjálfar. Bæði kom það fram strax í upphafi og svo ítrekaði hún það í forsíðuviðtali við Vikuna, þar sem fyrirsögnin var: „Ég sagði upp“. Ekkert ætti að vera að athuga við það, nema að í síðasta eintaki Viðskiptablaðsins kemur fram að starfslokagreiðslur til Sigrúnar vögu þyngst í þeim 11,4 milljónum króna sem RÚV greiddi í starfslokagreiðslur á síðasta ári. Þetta hlýtur að skjóta eilíftíð skökku við. Að stjórnandi hjá

fyrirtæki í eigu ríkisins fái starfslokagreiðslu, í formi skattpeninga, þrátt fyrir að segja upp að eigin frumkvæði. Fróðlegt er að vita hvort þetta eru viðtekin vinnubrögð.

Hvað á barnið að heita?

Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eru nú að tala sig saman um myndun nýrrar ríkisstjórnar og fór strax af stað umræða um hvað stjórnin skyldi kallast.

Fyrsta nafnið er komið á blað: Krónustjórnin. Þeir Bjarni og Sigmundur komu nefnilega við í verslun Krónunnar til að sækja kost fyrir úthaldið í viðræðunum.



Baug-, Pingvalla-, Hrun...

Sagan hefur þó sýnt að nöfnin eru ekki greipt í stein. Til dæmis gengu ýmsir fram í því að stimpla stjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks árið 2007 Baugsstjórnina en flokkarnir sneru því upp í Pingvallastjórnina. Það breyttist svo enn í Hrunstjórnina, af augljósum ástæðum. Ekki var vitað hvar Bjarni og Sigmundur funduðu í gær en gárungar eru örugglega margir að vona að það hafi verið í Munaðarnesi. Ekki í Hrunamannahreppi þó, það nafn er upp-tekið.

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



Reykjanesfólkvangur lagður niður?

NÁTTÚRU-VERND



Ellert Grétarsson stjórnarmaður í Náttúruverndarsamtökum Suðvesturlands

Nýjasta útspilið í hernaðinum gegn náttúru Reykjaneskagans er hugmyndir um að leggja niður Reykjanesfólkvang.

Miklir kærleikar hafa tekist með bæjaryfirvöldum í Grindavík og erlenda orku-fyrirtækinu HS Orku. Ein birtingarmynd þess er glóruleasar hugmyndir um virkjun í Eldvörpum samkvæmt svokallaðri auðlindastefnu bæjarins, sem í stuttu máli gengur út á að virkja allt sem hægt er að virkja innan landamerkjna sveitarfélagsins.

Þá hafa þessir aðilar, Grindavíkurbær og HS Orka, unnið að stofnun jarðvangs (GeoPark) á Reykjanesi. Bæjaryfirvöld í Grindavík vilja sem sagt að hann komi í stað fólkvangsins. En hvers vegna þarf Reykjanesfólkvangur að víkja fyrir jarðvangi? Af hverju getur þetta tvennt ekki farið saman?

Reykjanesfólkvangur var friðlýstur sem fólkvangur árið 1975. Friðlýsingin var reyndar all takmörkuð og náði í rauninni yfir fátt annað en bann við utanvegaakstri. Í raun var verið að taka svæðið frá sem útivistarsvæði þangað til annað kæmi í ljós. Þar er nefnilega jarðhiti og ýmsir sem hafa hugsað sér gott til glóðarinnar með hann.

Það breytir því ekki að fólkvangur hafa ákveðinn sess í hugum fólks. Hugtakið sjálft segir okkur að eitthvað sé varið í náttúru svæðisins úr því að ákveðið var að kalla það fólkvang. Þannig er það nokkurs konar

ígildi þjóðgarðs í hugum okkar – eitthvað sem ætti að umgangast af nærgætni og virðingu. Fjallað er um fólkvanga í lögum um náttúruvernd og umhverfisábyrgð.

Orðið jarðvangur kemur hins vegar ekki fyrir í íslenskum lögum og European Geoparks Network gerir engar sérstakar kröfur um náttúruvernd og friðun innan jarðvanga. Orðið jarðvangur er nýtt fyrirbæri sem hefur enga sérstaka merkingu í huga almennings. Það hefur fólkvangur hins vegar.

Þá komum við að kjarna málsins. HS Orka hyggur á miklar virkjanafarmkvæmdir innan marka Reykjanesfólkvangs. Þegar vinnuvelarnar streyma þangað verður kannski dálítið óþægilegt að hugtakið „fólkvangur“ sé að þvælast fyrir. Þess vegna er auðvitað best að búið verði að leggja hann niður sem slíkan og menn geti þá rústað svæðinu með betri samvisku „í sátt við umhverfið“ svo vitnað sé í slagorð fyrirtækisins. Og þar sem HS Orka er ekki aðili að Reykjanesfólkvangi liggur auðvitað beinast við að bæjaryfirvöld í Grindavík græi málið fyrir vini sína.

Og ekki verður verra fyrir Grindavíkurbæ og HS Orku að geta hampað GeoPark-lógóinu til að fegra slæma ímynd í umhverfismálum þegar búið verður að virkja allt sem hægt er að virkja með tilheyrandi náttúruspjöllum.

Lærum að leika okkur

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur



Þegar maður horfir á enska sakamálamynd þátt í sjónvarpinu sem gerð er upp úr bók eftir Agóthu Christie er ánægjan ekki endilega fólgin í því að brjóta heilann um plottið – er það ekki alltaf ungi myndarlegi maðurinn? Ekki er það heldur óvæginn krufning á þjóðfélaginu, hvað þá fínlegar sálarlífslýsingar. Nei, ánægjan er einkum fólgin í því að horfa á það hvernig Englendingar fara að því að setja sig á svið.

Þeir eru svo góðir í að leika sig. Það gera þeir í þessum þáttum með hárfinum ofleik – einkenni eru ýkt og staðalmyndir blygðunarlaust útfærðar. Þetta gera leikararnir af slíkri gleði að það smitast yfir til okkar sem horfum úr öðru landi. Svipað má segja um Dani: þeir eru góðir í því að leika sig; þessa típu og þessa og þessa.

Báðar þjóðar hafa búið til afar vinsælar sjónvarpsseríur um stjórnmalalíf hjá sér – refskaþ þar og átök, hugsjónir og kaldhæðni og leikstillinn þar öllu raunsæislegri, en sama natnin við smáatriði í sjálfskoðuninni. Bandaríkjamenn gera þetta líka af miklu kappi.

Þannig spegla þessar þjóðir sig í sjónvarpsefni sínu; nota miðilinn til að læra að þekkja sögu samfélagsins, innviði þess, átök, valdastrúkrúr, veikleika og styrk. Þetta er eitt mikilsverðasta hlutverk sjónvarpsins. Og við? Tja.

Ólafur Ragnar og Ólafur Ragnar
Ekki þarf að fara mörgum orðum um það hversu mikið við eigum af framúrskarandi leikurum en af einhverjum ástæðum hefur ekki orðið til hefð hér á landi fyrir því að leika í sjónvarpi ólíkar tegundir af Íslandi. Hér er fyrst og fremst við Ríkisútvarpið að sakast, þar sem ráðamenn hafa þverskallast við að búa til leiknar myndir með ummælum sem fleyg hafa orðið, á borð við: „Hver hefur áhuga á einhverjum mönnum á bensinstöð?“

Svarið er náttúrulega: Við öll. Og umfram allt: Við höfum miklu meiri áhuga á því að horfa á Ólaf Ragnar í Vaktapáttunum en enn einn leikarann að setja upp glókkollshákkollu, og puttann í krók við brjóstið, grettuna á andlitinu og svo röddina ...

Einkastöðvarnar hafa sinnt þörf landsmanna fyrir leikið efni miklu betur og stundum hefur tekist þrýðilega til, til dæmis í Hæ Gosi, nokkuð skemmtilegri lönguvitleysu sem látin var gerast á Akureyri fyrir nokkrum. En þess varð ekki vart í leiknum að neinn aðstandandi hefði haft spurnir af því að þar nyrðra væri fólk almennt harðmæltara

En við þurfum meira. Við þurfum séríur sem gerast í bönkunum fyrir Hrunið. Við þurfum séríur sem gerast í stjórnmalaflokkunum fyrir kosningar. Við þurfum séríur sem lýsa lífinu í þorpi eins og það horfir við séríunduðum héraðslækni.

en gerist og gengur annars staðar á landinu. Hið sama var uppi á teningnum í þáttaröð á RÚV fyrir nokkrum árum sem átti að gerast fyrir norðan: allir þar töluðu samræmda reykvísku eins og hún sé orðin að fyrirskipuðu ríkismáli. Sú var raunar tíð að nánast engum þulum var hleypt í útvarp nema með syngjandi og raddaðan norðlenskan – helst svarfdælskan – framburð en nú hefur þetta snúist svo kyrfilega við að ekki einu sinni Svarfdælingar fá að tala með sinni fallegu hrynjandi. Einhvern tímann var mér sagt að í leiklistarnámi hér á landi væri engin kennsla í ólíkum framburði.

Þetta er náttúrulega óttalegt tuð í mér, en framburðarleysið á þáttunum sýnir eitt: skort á löngun til að leika Akureyringa – „leika Íslendinga“ – ná þeim eins og þeir eru, færa þá fram á skjáinn svo að við sem heima sitjum sláum okkur á lær og segjum: Það sem þau ná þessu vel! Skort á hefð.

Skortur á sjálfskoðun

Þetta skiptir máli. Spaugstofan hefur vissulega gegnt mikilsverðu speglunarhlutverki, og Fóstbræður líka; leigubílstjóri Karls Ágústs er allir leigubílstjórar á landinu og íslenskufræðingur Pálma Gestssonar allir íslenskufræðingar landsins í meistaralegri skrípamynd – en þetta er spéspegill; afskræming tiltekinnna einkenna, revíulýsing á landsmönnum.

Hún er fín. En við þurfum meira. Við þurfum séríur sem gerast í bönkunum fyrir Hrunið. Við þurfum séríur um harðsnúna sveit sérstaks saksóknara að eltast við útrásarvíkinga. Við þurfum séríur sem gerast í stjórnmalaflokkunum fyrir kosningar. Við þurfum séríur sem lýsa ást og átökum á auglýsingastofu, sorg og sigrum á Landspítalanum, mannlífinu um borð í togurum, á fjölmiðlunum, í álverunum. Þannig endalaust. Við þurfum að fá að sjá okkur. Hvernig unnum við úr hruninu? Það voru skrifadur ábúðarmiklar skýrslur og gerðar margar samþykktir; og skrifaðir margir snjallir Facebook-statusar. Svo voru Framsókn og Sjálfstæðisflokknum afhent völdin í landinu á ný.

Íslendingar mættu vera duglegri að horfa vandlega á sjálfa sig, með tilhlýðilegri ást og virðingu að sjálfsgöðu – en ískalt og af nákvæmni. Það gerum við með ýmsum hætti – til dæmis með því að við lærum að leika okkur.

AF NETINU

Nýja og gamla Framsókn

Meðal nýrra þingmanna Framsóknarflokksins er að finna margt fólk sem er að lífsskoðun og hjartalagi félagshyggu megin í tilverunni. Ég nefni bara tvær konur, sem ég þekki og gólfíð til, Sigrúnu Magnúsdóttur og Líneik Sævarsdóttur. Hvort skyldi þeim hugnast – og kjósendum þeirra almennt út um land – að starfa á næsta kjörtímabili með félagshyggu-fólki eða ættarblómanum úr Garðabæ?

Sjálfstæðisflokkurinn fór fram í þessum kosningum með vúdúhagfræði Hannesar Hólmsteins, um að auka tekjur ríkissjóðs með því að lækka skatta. [...] Munu Sigrún, Líneik og þau hin fallast á últrafrjálslyggjustefnu Sjálfstæðisflokksins í skattamálum?

<http://http://blog.pressan.is/karl/>

Karl Th. Birgisson

30% afsláttur á Gabriel höggdeyfum

Í verslun okkar að Tangarhöfða 2, Reykjavík



Gabriel SINCE 1907



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



SKINKA



KJÚKLINGAÁLEGG REYKT



SPÆGIPYLSA



HUNANGSSKINKA

SILKISKORIÐ ÁLEGG FRÁ GOÐA

– gott á brauðið, í salatið eða bara eitt og sér!

GOÐI

–alltaf góður

KRONAN

Súrsætt grísakjöt

Fljótt og gott fyrir 4
Matur undir 2000 kr.!

HVER BAKKI ER
ca. 500 g
þannig að verðið er
um 636 kr. pk.

15%
afsláttur

1273 kr. kg

Verð áður 1493 kr. kg
Grisagúllas



399 kr. pk.
Uncle Ben's hrísgrjón
í suðupokum, 448 g



399 kr. stk.
Uncle Ben's súrsætt
sósa,



279 kr. stk.
Coca-Cola, 2 l

Risaháhyssi frá 2007

Gangi áform verktaka eftir hefjast senn framkvæmdir við nær 150 íbúða fjölbýlishús á allt að nýu hæðum á Lýsisreitnum svokallaða í Vesturbæ Reykjavíkur. Íbúar í nágrenninu reyna nú af veikum mætti að koma í veg fyrir að þessi risastóra bygging verði reist innan um gömul timburhús og lágreistar íbúablokkir. Fólk hefur ekkert á móti fjölbýlishúsi á reitnum en flykki af þessu tagi verður ekki í neinu samræmi við umhverfið og mun skapa margvísleg vandamál fyrir íbúa hverfisins. Þessi sjónarmið komu m.a. fram á fjölmönnum íbúafundi í lok síðasta mánaðar.

Viðkvæm ásýnd Bráðræðis-holtins

Lýsisreiturinn ber nafn sitt af því að Lýsi rak þar verksmíðu um árabíl. Reiturinn er á Bráðræðis-holtinu en á því standa einkum gömul og aðflutt timburhús auk steinbæjar, eins örfára sem enn er að finna í Reykjavík. Í skýrslu Minjasafns Reykjavíkur um byggingu á holtinu frá 2004 segir að flesta hafi húsinn menningarsögulegt gildi og mikilvægt sé að vernda yfirsýn hverfisins. Það verður ekki gert með nýu hæða nýbyggingu.

Grandavegi breytt í botnlanga

Á Bráðræðisholtinu eins og annars staðar í Vesturbæ skortir mjög bílastæði. Ökumenn neyðast til að leggja þvers og kruss, við gular línur og uppi á gangstéttum ef því er að skipta, til ama fyrir íbúa og gangandi fólk. Ekki verður séð að gert sé ráð fyrir nægilegum fjölda bílastæða í bílakjallara sem til stendur að hafa undir nýbyggingunni. Óleyst vandamál verður enn erfiðara viðureignar.

SKIPULAGSMÁL



Guðni Th. Jóhannesson
sagnfræðingur



Dögg Hjaltalín
viðskiptafræðingur

Þá má hafa áhyggjur af þeirri þungu umferð sem verður óumflýjanlega um Grandaveg, fari svo sem horfir. Á fundi sínum lýstu íbúar þeirri kröfu að komið yrði í veg fyrir að umferð vegna nýbyggingarinnar fari öll eða nær öll um Grandavegin, til dæmis með því að loka honum miðjum og breyta í botnlanga. Íbúahverfi verður aldrei friðsælt með umferðaræð sem sker það í sundur.

Vindstrengir

Bitur reynsla er af snörpum vindhúðum við háhyssi á höfuðborgarsvæðinu. Allir vita að hætta verður á slíkum ófögnuði við nýu hæða fjölbýlishús niðri við sjó í Vesturbænum. Þrátt fyrir þá vitneskju hefur engin rannsókn farið fram á vindstrengjum vegna nýbyggingarinnar og hugsanlegum leiðum til að lágmarka þá. Íbúar í nágrenninu vænta þess að slíkar rannsóknir fari fram áður en hafist verður handa, í stað þess að það komi bara í ljós hvort það verður yfirleitt stætt við háhyssið þegar vind hreyfir í framtíðinni.

Deiliskipulag frá 2007

Núverandi deiliskipulag á Lýsisreitnum var samþykkt í borgar-



→ Ekki verður séð að gert sé ráð fyrir nægilegum fjölda bílastæða í bílakjallara sem til stendur að hafa undir nýbyggingunni. Óleyst vandamál verður enn erfiðara viðureignar.

ráði í febrúar 2007 (fimm dögum áður en bygging Höfðatorgs var samþykkt). Á því herrans ári þótti sniðugast að byggja sem hæst, mest og hraðast. Við hefðum haldið að valdhafar hefðu eitt-hvað lært síðan þá, ekki síst þeir sem voru kjörnir á grundvelli loforða um breytta tíma. Blokkir eru ekki betri, því hærri sem þær eru, og það er ekki íbúalýðræði í reynd sem snýst bara um að leyfa okkar að velja hvort gert verður við rólur eða göngustíg þetta árið.

Við biðjum okkar lýðræðislega kjörnu fulltrúa að koma í veg fyrir að fin áform um þéttingu byggðar í borginni leiði þá ekki út í það feigðarflan að fara einfaldlega alltaf eftir ítrustu kröfum verktaka og fjárfestingarfyrirtækja. Hugsio líka um okkur hin.

Nýtt lyfjafrumvarp – alvarlegt brot gegn fólki með sykursýki

Velferðarráðuneytið hefur undanfarið kynnt með pompi og prakt fyrirhugaðar breytingar á greiðslubátttöku lyfjakostnaðar. Margir hafa gagnrýnt frumvarpið af ýmsum ástæðum en það er þó einn hópur sem kemur verst út úr fyrirhuguðum breytingum. Fólk með sykursýki af tegund 1 situr eftir í sjokki og skilur ekki hvernig frumvarpið hefur farið í gegnum nefndir og ráð án þess að neinn átti sig á því hvaða afleiðingar það hefur. Breytingin er einnig þungt högg fyrir foreldra barna með sykursýki og ekki síst ung börn með sykursýki sem nú þurfa allt sitt líf að greiða háar fjárhæðir fyrir það eitt að greinast með sykursýki. Hingað til hefur insúlín verið niðurgreitt að fullu enda er það lífsnauðsynlegt fyrir alla sem greinst hafa með sykursýki 1 og lifir einstaklingur ekki viku án insúlíns. Þar sem ekki er mögulegt að minnka daglega lyfjagjöf er hætta á að fólk fækki læknisferðum og mæli blóðsykur sjaldnar til að vega upp á móti auknum kostnaði. Þessi breyting getur haft þær afleiðingar að einstaklingar eru neyddir til verri meðferðarúrreða en áður sem getur haft alvarlegar afleiðingar síðar meir og kostnaður orðið meiri til lengri tíma fyrir heilbrigðiskerfið.

Fólk með sykursýki er ekki þekkt fyrir að kvarta yfir hlutskipti sínu en fyrirhugaðar breytingar eru svo óréttlátar að nú verður að bregðast við. Eftir breytinguna munu fullorðnir greiða 69.000 á hverju ári en börn, ungmenni og elli- og örorkulífeyrisþegar greiða 45.000. Þetta segir þó ekki alla söguna því auk lyfjakostnaðar er annar kostnaður sem fólk með sykursýki þarf að greiða; Reglulegt eftirlit á göngudeild, blóðprufur, blóðsykurmælar, blóðsykurstrimlar, augnlæknaeftirlit, fylgihlutir

í insúlíndælu, blóðhnífar, aukinn ferðakostnaður, vinnutap foreldra og fleira. Heildarkostnaður fullorðins einstaklings eftir breytinguna getur farið upp í 140-160 þúsund krónur á ári vegna sjúkdómsins. Þar vegur lyfjakostnaður upp á 69.000 krónur mjög þungt. Ekki má heldur gleyma að fólk með sykursýki þarf hverja einustu mínútu, hverja viku, hvern mánuð og ár að fylgjast stöðugt með jafnvægi blóðsykurs, hreyfingu, mataræði, álagi og insúlínjöf. Að auki eru mörg dæmi um að fleiri en einn einstaklingur innan fjölskyldu sé greindur með sykursýki 1. Mörg dæmi eru um að systkini séu bæði með sykursýki eða foreldri og barn/börn.

Einna verst að greinast hér

Með þessu vanhugsaða frumvarpi mun fólk með sykursýki, sem býr í landi „velferðar og jöfnuðar“, búa í því samfélagi þar sem einna verst er að greinast með sykursýki í allri Evrópu vegna kostnaðar. Ef börnar eru saman aðstæður fólks með sykursýki á Norðurlöndum sker Ísland sig úr þeim hópi því hér mun vera langdýrast að búa með sykursýki 1. Það kæmi okkur ekki á óvart að foreldrar nýgreindra barna með sykursýki hugsu sig vel um hvort hagur barna þeirra sé ekki betur tryggður í nágrannalöndum okkar.

Til að mótmæla þessu frumvarpi hefur verið efnt til undirskriftasöfnunar, kallað eftir fundi með forseta Íslands, talað við ráðherra, þingmenn og aðra háttsetta einstaklinga. Þá hafa fjölmargir einstaklingar með sykursýki og félagasamtök á Norðurlöndum frétt af þessum fyrirhuguðu breytingum á Íslandi og sent okkur baráttukvæðjur. Þeir eiga ekki til orð yfir þessu frumvarpi. Einnig hafa lögfræðingar haft samband og velt upp þeirri spurningu hvort frumvarpið sé

→ Fólk með sykursýki er ekki þekkt fyrir að kvarta yfir hlutskipti sínu en fyrirhugaðar breytingar eru svo óréttlátar að nú verður að bregðast við.

brot á Stjórnarskrá Íslands (76. gr. „Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“) og á Barnasáttmála SP („Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“). Hvað sem því líður er þessi breyting alvarlegt siðferðilegt brot gegn börnum sem eru svo óheppin að greinst með sykursýki.

Við vonum að þetta neyðarkall okkar nái eyrum yfirvalda og treystum að óréttlætið verði leiðrétt sem fyrst af nýjum valdhöfum. Við sem hér erum skráð fyrir þessari grein tölum fyrir hönd fjölmargra með sykursýki 1, foreldra barna með sykursýki og barna sem ekki enn hafa rödd en eru dæmd fyrir lífstíð til að greiða dýru verði fyrir það eitt að geta lifað eðlilegu, heilbrigðu og hamingjusömu lífi.

Fyrir hönd sykursjúkra, tegund 1.

Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki

Þórhildur Eir Sigurgeirsdóttir
Anna Jórunn Sigurgeirsdóttir
Margrét Þórðardóttir
Júlíus Arnarson
Sigurður Svavarsson
Inga Heiða Heimisdóttir
Heba Líf Jónsdóttir
Íris Björg Fjólmundsdóttir
Ólafur Freyr Guðmundsson
Hálfdan Þorsteinsson
Anna María Skúladóttir
Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir



Gerið hreinlega **frábær kaup** á eðal heimilistækjum!

ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60260FL
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1200 snúninga
 Taumagn 6 kg
 Öll hugsanleg þvottakerfi
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 135.900,-
Þú sparar: 27.180,-

TILBOÐSVERÐ – **108.720,-**

ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60460FL
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1400 snúninga
 Taumagn 6 kg
 Öll hugsanleg þvottakerfi
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 145.900,-
Þú sparar: 29.180,-

TILBOÐSVERÐ – **116.720,-**

UPPÞVOTTAVÉL FAVORIT 45010-W/M

12 manna stell
 5 þvottakerfi
 Turbo-þurrkun
 Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
 Orkunýtni: A
 Þvottahæfni: A
 Þurrkhæfni: A

Listaverð: 87.920,-
 HVÍT STÁL
95.920,-

TILBOÐSVERÐ – **87.920,-**

ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75470FL
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1400 snúninga
 Taumagn 7 kg
 Öll hugsanleg þvottakerfi
 Kolalaus mótór
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 179.900,-
Þú sparar: 35.980,-

TILBOÐSVERÐ – **143.920,-**

ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 75670FL
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1600 snúninga
 Taumagn 7 kg
 Öll hugsanleg þvottakerfi
 Kolalaus mótór
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 189.900,-
Þú sparar: 37.980,-

TILBOÐSVERÐ – **151.920,-**

20%
 afsláttur af öllum
 þvottavélum, þurrkurum
 og uppþvottavélum

ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 87680FL
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

1600 snúninga
 Taumagn 8 kg
 Öll hugsanleg þvottakerfi
 Kolalaus mótór
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 197.900,-
Þú sparar: 39.580,-

TILBOÐSVERÐ – **158.320,-**

ÞURRKARI LAVATHERM T76280AC
 ÍSLENSKT STJÓRNBOÐ

Barkalaus
 Rakaskynjari
 Taumagn: 8 kg
 Íslensk notendahandbók

Listaverð: 149.900,-
Þú sparar: 29.980,-

TILBOÐSVERÐ – **119.920,-**

UPPÞVOTTAVÉL ZDF2010 - W/M

12 manna stell
 5 þvottakerfi
 4 hraðastillingar
 A/A/A orkunýting
 Hljóð 51db
 Þvottahæfni: A
 Þurrkhæfni: A

Listaverð: 79.900,-
 HVÍT STÁL
89.990,-

TILBOÐSVERÐ – **79.900,-**

ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI *PAR 1*
 LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280

ÞVOTTAVÉL
 1400 snúninga · Taumagn 7 kg
 Öll hugsanleg þvottakerfi
 Íslensk notendahandbók

ÞURRKARI
 Barkalaus með rakaskynjara
 Taumagn 8 kg
 Íslensk notendahandbók

Listaverð á PARINU: 329.800,-
Þú sparar: 65.960,-

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **263.840,-**

ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI *PAR 2*
 LAVAMAT 87680FL & LAVATHERM T86280IC

ÞVOTTAVÉL
 1600 snúninga · Taumagn 8 kg
 Öll hugsanleg þvottakerfi
 Kolalaus mótór
 Íslensk notendahandbók

ÞURRKARI
 Barkalaus með rakaskynjara
 Taumagn: 8 kg
 Stafrænn framvinduskjár
 Íslensk notendahandbók

Listaverð á PARINU: 363.800,-
Þú sparar: 72.760,-

TILBOÐSVERÐ – *PARIÐ* **291.040,-**

Umboðsmenn um land allt



LÁGMÚLA 8
 SÍMI 530 2800
 www.ormsson.is

VAXTALAUSAR
 RAÐGREIÐSLUR
 3.6% lántökugjald

ORMSSON
 KEFLAVÍK
 SÍMI 421 1535

ORMSSON
 AKRANESI
 SÍMI 530 2870

ORMSSON
 PRISTUR-ÍSAFIRÐI
 SÍMI 456 4751

ORMSSON
 AKUREYRI
 SÍMI 461 5000

ORMSSON
 HÚSAVÍK
 SÍMI 464 1515

ORMSSON
 VÍK-EGILSSTÖÐUM
 SÍMI 471 2038

ORMSSON
 PAN-NESKAUPSTAÐ
 SÍMI 477 1900

ORMSSON
 ÁRVIRKINN-SELFOSSI
 SÍMI 480 1160

Er ég í falinni myndavél?

„Valitor fagnar allri samkeppni sem er á jafnréttisgrunni.“ Þetta skrifaði Viðar Þorkelsson, forstjóri Valitors, í Fréttablaðið 18. apríl síðastliðinn. Valitor, fyrir þá sem ekki vita, er eitt þriggja fyrirtækja sem viðurkenndu í lok árs 2007 langvarandi og víðtækt ólögmætt samráð, sem miðaðist við að koma fyrirtæki mínu, Kortabjónustunni, út af íslenska markaðnum. Þetta er þekkt sem kortasamráðsmálið og muna sjálfsgat margir eftir skýtasendingum milli forstjórnanna sem merkt voru „Delete eftir lestur.“

Með því að viðurkenna verknáðinn og gangast undir að hætta ólöglegam aðgerðum fékk Valitor lægri sekt en ella. En þann 12. apríl sl. fékk Valitor svo hæstu sekt sem lögð hefur verið á íslenskt fyrirtæki fyrir markaðsmisnotkun – hálfan milljarð króna – fyrir að hafa á árunum 2007 til 2009 misnotað markaðsráðandi aðstöðu sína í samkeppni, m.a. við Kortabjónustuna. Þetta var sem sagt á sama tíma og Samkeppniseftirlitið var að semja um lægri sekt gegn bót og betrun.

Málsvörnin léttvæg fundin

Málsvörn Viðars er skemmtileg: Valitor er í raun lítilmagninn að berjast við vonda erlenda „risann“ og Samkeppniseftirlitið áttar sig ekki á „sjónarspílinu“. Þeir sem lesa úrskurð Samkeppniseftirlitsins sjá hins vegar vel hvernig þessi rök eru vegin og léttvæg fundin. Kortabjónustan er einfaldlega íslenskt fyrirtæki í eigu Íslendinga. Við erum í

SAMKEPPNIS-MÁL



Jóhannes Ingi Kolbeinsson
framkvæmdastjóri
Kortabjónustunnar

sömu stöðu og þúsundir annarra íslenskra fyrirtækja sem kaupa vörur og þjónustu frá útlöndum og endurselja hér á landi.

„Valitor fagnar allri samkeppni sem er á jafnréttisgrunni.“ Það er kannski þess vegna sem Valitor sótti í skjóli aðstöðu sinnar upplýsingar um viðskiptavini Kortabjónustunnar og misnotaði með

ólögmætum hætti til að ná þeim frá okkur? Það var kannski þess vegna sem Valitor fór fram á að fá upplýsingar hjá Reiknistofu bankanna til að geta betur herjað á viðskiptavinum okkar? Það var kannski þess vegna sem Valitor seldi ákveðnum viðskiptavinum sínum þjónustu undir kostnaðarverði svo þeir annað hvort kæmu til Valitors eða myndu ekki fara frá Valitor til Kortabjónustunnar?

Samfelld brotasaga frá 2002

„Valitor fagnar allri samkeppni sem er á jafnréttisgrunni.“ Þegar ég las þetta að morgni 18. apríl voru mín fyrstu viðbrögð að horfa í kringum mig og athuga hvort ég væri í falinni myndavél. Frá því að við stofnuðum Kortabjónustuna árið 2002 hefur Valitor stundað allt annað en samkeppni á jafnréttisgrunni. Samkeppnislagabrot á samkeppnislagabrot ofan og sektir sem nálgast nú milljarð króna. Og taktíkin alltaf sú sama: Lofa bót og betrun, þykjast „fagna samkeppni“ en halda brotunum áfram í von um að bola okkur út af markaðnum á endanum.

→ Það sorglega er hins vegar að málatilbúnaður Viðars bendir til að afstaða hans og þess fyrirtækis sem hann stýrir hafi ekkert breyst þrátt fyrir að þeir séu reglulega gripnir í bólinu við að brjóta samkeppnislög.

Þeir sem áhuga hafa geta lesið meira um framferði Valitors á www.Kortasamráð.is, upplýsingavef um þá viðskiptahætti sem félag Viðars hefur stundað frá því að Kortabjónustan tók til starfa. Við þann lestur sér fólk að kannski er skiljanlegt að eina málsvörnin sem Viðar getur fundið fyrir sig og sitt fyrirtæki gangi út á að reyna að telja okkur trú um að vindmyllurnar sem hann berst við séu risar.

Kunna ekki að skammast sín

Viðar segir að „ágreiningur“ sé milli Valitors og Samkeppniseftirlitsins um nýjasta dóminn yfir félaginu. Þegar dómurinn er skoðaður sést vel hversu afdráttarlaus hann er og að „ágreiningurinn“ er einfaldlega réttlætning af brotamannsins á því hvers vegna hann framdi glæpinn. Það sorglega er hins vegar að málatilbúnaður Viðars bendir til að afstaða hans og þess fyrirtækis sem hann stýrir hafi ekkert breyst þrátt fyrir að þeir séu reglulega gripnir í bólinu við að brjóta samkeppnislög. Hjá Valitor virðast menn ekki kunna að skammast sín og það er slæmur fyrirboði um það sem koma skal í þeirra viðskiptaháttum.

Fúsk eða féfletting?

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, fer mikinn í grein sem hann kallar „Fúsk í skúrnum“ í Fréttablaðinu nýverið. Í greininni kveður við gamlan tón sem oft hefur komið frá honum áður, nema að alltaf magnast vitleysan. Nú er svo að skilja á Özuri að karakterinn úr Spaugstofunni, þessi sem sinnir öllum sínum bílavíðgerðum með slaghamri og bara massar'etta aðeins, sé að yfirtaka allar bílavíðgerðir á Íslandi.

Fullyrðingar Özurar um fjölda fólks sem hefur farið til fúskara með ófyrirséðum afleiðingum og ótal meint dæmi um stórhættulega bíla í umferðinni eru auðvitað ýkjusögur svo að ekki sé nú dýpra tekið í árinna. Eflaust má finna einhver dæmi um ófaglegar víðgerðir á bílum, en að þetta sé svona yfiringilega dramatískt ástand er alveg áreiðanlega fjarri öllu sanni.

Svört atvinnustarfsemi er auðvitað aldrei af hinu góða en hafi Özur og hans Bílgreinasamband áhyggjur má benda honum á að lausnir liggur að stórum hluta hjá þeim sjálfum. Ef þeir hættu sínu botnlausu okri á varahlutum og þjónustu þrífist þessi svartí markaður ekki.

Engin geimvísindi

Ef Özur heldur að fólki finnist það í góðu lagi að borga 10.389 kr. fyrir hundómerkilegt öryggi (já og þetta er ekki prentvilla, tíuþúsund..... fyrir eitt skitið öryggi) og 40.000 kr. fyrir olú og síuskipti á árgömlum smábíl er kannski ekki skrytið að hann skilji ekki hvert bílarnir fara sem ekki sækja slíka þjónustu. Flest verkstæði innan þessa blessaða Bílgreinasam-

VIÐGERÐIR



Árni Árnason
vélstjóri

→ Eflaust má finna einhver dæmi um ófaglegar víðgerðir á bílum, en að þetta sé svona yfiringilega dramatískt ástand er alveg áreiðanlega fjarri öllu sanni.

bands taka hátt í (kannski yfir) 10.000 kr. á tímann eða eru búin að koma sér upp samræmdu kerfi þar sem smáviðvik eins og bremsuklossaskipti (sem eru nú engin geimvísindi) kosta handlegg og fótlegg bíleigandans eftir einhvers konar punktakerfi. Þetta þykjast þeir geta gert í krafti fagmennsku, en gera í skjóli einokunar. Þeir hóta fólki t.d. að fella niður lögboðna verksmiðjuábyrgð ef bíll er ekki færður til reglubundins og rándýrs eftirlits hjá „réttum“ aðila. Ef góður sjálfstæður og sanngjarn bifvélavirki skiptir um bremsuklossa fyrir bíleiganda stendur iðulega eftir að það þarf sérstaka tölvu til að taka út aðvörunarljósið. Margir bílar birta á skjá „service due“ eða önnur álíka skilaboð og þó að þjónustan sé framkvæmd er eftir að losna við aðvörunina og endurstetta teljara. Hjá verkstæðum Bílgreinasambandsins getur kostað mörg þúsund krónur bara að setja bílinn í samband við tölvu og kvitta út slík merki.

Það sem Özuri gengur til með þessum dramatísku skrifum er því miður ekki umhyggja fyrir öllum aumingja litlu bíleigendunum sem lenda í klóm vonda fúskarans og sitja uppi með ónýta og stórhættulega bíla, heldur hrein hagsmunagæsla fyrir okurbúllurnar í Bílgreinasambandinu sem fólk flýr nú hver sem betur getur.



Omnis stækkaði pakkann og treystir nú á morgundreifingu Póstsins

„Lykilatriði í góðri þjónustu Omnis er áreiðanleiki. Morgundreifing Póstsins kemur pöntunum til skila fyrir hádegi daginn eftir pöntun.“

Bjarki Jóhannesson,
framkvæmdastjóri sölusviðs hjá Omnis

Við viljum gera meira fyrir viðskiptavinum okkar og aðstoða þá við að bjóða viðskiptavinum sínum réttar lausnir og hagræða í rekstri – það köllum við að stækka pakkann.

Hafðu samband við Fyrirtækjalausnir Póstsins í síma **580 1090** eða í fyrirtaekjalausnir@postur.is. Þú getur líka skoðað þær lausnir sem í boði eru á postur.is.

www.postur.is **FYRIRTÆKJALOUSNIR**

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GRIPINN

Spænski hönnuðurinn Jaime Hayón hannaði þennan skemmtilega stól með örmum og nefndi hann Catch. Fyrirmynd Hayón var maður með útréttar hendur líkt og hann ætlaði að grípa eitthvað.

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is

MANN FRAM AF MANNI

ÍSLENSK HÖNNUN Steinrún Ótta Stefánsdóttir fylgdi ferðalagi skáps eftir í lokaverkefni sínu frá LHÍ. Hún segir sögu hluta auka tilfinningalegt gildi.

Steinrún Ótta Stefánsdóttir, nýtskrifaður vöruhönnuður, vill vekja fólk til umhugsunar um það neyslu-óhóf sem viðgengst í samfélaginu í dag. Lokaverkefni hennar úr vöruhönnunardeild Listaháskólans fjallar um ferðalagi húsgagns kynslóða og landshluta á milli.

„Með verkefninu vil ég fá fólk til að endurmeta eigin sína og auka verðgildi þeirra með sögum og minningum,“ segir Steinrún. „Með skrásetningu á æviskeiði hluta má lengja líf þeirra og gildishlaða svo að tilfinningalegt verðmæti aukist og eins getum við minnkað óþarfa neyslu og framleiðslu í heiminum og haft jákvæð áhrif á umhverfið.“

Verkefnið heitir Mann fram af manni og fjallar um skáp sem fylgt hefur fjölskyldu Steinrúnar frá því fyrir aldamót. Skápinn lét langlangamma Steinrúnar, Guðrún Jónsdóttir, smíða í kringum árið 1880 en hún bjó í Syðri-Vík á Vopnafirði. Skápurinn geymdi spariföt hjónanna í Syðri-Vík og gekk svo manni fram af manni og ferðaðist um landið, fyrst á hestum og svo á bíl, eftir því hvar hver eigandi var búsettur. Steinrún rannsakaði málningarlög á skápnunum og þær viðgerðir sem gerðar hafa verið á honum gegnum tíðina. Þá skoðaði hún hvað eigendur geymdu í skápnunum og fór á miðilsfund.

„Það var meira gert til gamans, en þar kom þó fram að sá smiðurinn hefði verið hávaxinn maður,“ segir Steinrún, sem sjálf notar skápinn sem búskáp. Hann hefur þó gegnt mismunandi hlutverkum heima hjá henni þau tíu ár sem hún hefur átt hann. „Ég hef geymt í honum ýmislegt og flutt hann með mér milli landshluta. Ég mun klárlega nota hann meðan ég lifi og svo verða dætur mína tvær bara að bitast um hann þegar þar að kemur.“

Nánar má forvitnast um ferðalagi skápsins á www.otta.is.

■ heida@365.is



VÖRUHÖNNUÐUR

Steinrún Ótta Stefánsdóttir útskrifaðist úr vöruhönnun frá LHÍ með verkefni sínu Mann fram af manni.
MYND/ÚR EINKASAFNI



FJÖLSKYLDUVINUR

Rauði skápurinn hefur gengið kynslóða á milli, en hann var smíðaður fyrir aldamótin 1900 fyrir langlangömmu Steinrúnar.
MYND/ÚR EINKASAFNI

GLEÐILEGT SUMAR

MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is



SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR



Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm.
Fyrsta sending seldist strax upp!

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

12 mán.
vaxtalausrar greiðslur*

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT

Þetta eru frábærar fréttir fyrir íslenska landsliðið, en Margrét Lára er að koma til baka eftir að hafa farið í aðgerð í vetur. - 66j

Helena vann enn einn titilinn

KÖRFUBOLTI Helena Sverrisdóttir og félagar hennar í slóvakíska liðinu Good Angels Kosice tryggðu sér sigur í slóvakísk-ungversku deildinni um helgina með 62-58 sigri á Sopron frá Ungverjalandi. Helena hefur þar með unnið fimm stóra titla með liðinu á þeim tveimur tímabilum sem hún hefur leikið í Slóvakíu. Kosice varð slóvakískur meistari fjórum dögum fyrr, en liðið varð einnig slóvakískur bikarmeistari og komst alla leið í undanúrslitin í Euroleague. - 66j

Róbert og Ásgeir í bikarúrslitaleikinn

HANDBOLTI Róbert Gunnarsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson komust um helgina í bikarúrslitaleikinn í Frakklandi þegar lið þeirra PSG Handball vann Dunkerque 33-29. Róbert skoraði fimm mörk í leiknum og Ásgeir Örn var með eitt mark. Það verður ekki Íslendingaslagur í úrslitaleiknum í Bercy-höllinni í París 25. maí því Gunnar Steinn Jónsson og félagar í Nantes urðu að sætta sig við 29-31 tap á móti Montpellier í hinum undanúrslitaleiknum. Gunnar skoraði tvö mörk. - 66j



Hásteinsvöllur, Áhorf: 1055 Gunnar Jarl Jónsson (7)

Mörkin: 1-0 Gunnar Már Guðmundsson (24.)
ÍBV (4-4-2): David James 7 - Arnór Eyvar Ólafsson 5, Brynjar Gauti Guðjónsson 6, Eður Aron Sigurbjörnsson 7, Matt Garner 6 - Ian David Jeffs 5, Tony Mawejje 5, Gunnar Þorsteinsson 6, Bradley Simmons 4 (55., Ragnar Leósson 5) - Gunnar Már Guðmundsson 7, ***Viðir Þorvarðarson** 8.

ÍA (4-4-2): Páll Gísli Jónsson 6 - Aron Ýmir Pétursson 5 (59., Joakim Wrele 6), Ármann Smári Björnsson 7, Kári Ársællsson 6, Jan Mikel Berg 5 - Arnar Már Guðjónsson 6 (64.Theodore Furness 5), Jóhannes Karl Guðjónsson 5, Maksims Rafalskis 5, Andri Adolphsson 6 - Jón Vilhelm Ákason 6, Eggert Kári Karlsson 5 (68., Þórður Birgisson 5).

Skot (á mark): 16-4 (5-2) Horn: 5-5

Varin skot: James 2 - Páll 4

Aukaspjrnur: 13-15



Ólafsvíkuvör, Áhorf: 750 Kristinn Jakobsson (7)

Mörkin: 0-1 Almarr Ormarsson (12.), 0-2 Bjarni Hólm Aðalsteinsson (36.), 1-2 Steinar Már Ragnarsson (39.).

Víkingsur (5-3-2): Kaspars Ikstens 4 - Brynjar Kristmundsson 5, Damir MuminoVIC 5, Tomasz Luba 5, Emir Dokara 4, Jernej Leskovic 5 (63. Alfreð Már Hjaltalín 5) - Farid Zato 4, Eldar Masic 5, Björn Pálsson 5 - Guðmundur Steinn Hafsteinsson 4 (87. Fannar Hilmarsson -), Steinar Már Ragnarsson 6 (74. Eyþór Helgi Birgisson -).

Fram (4-3-3): Ögmundur Kristinsson 6 - Alan Lowing 5, Ólafur Örn Bjarnason 5, Bjarni Hólm Aðalsteinsson 6, Jordan Halsman 6 - Jón Gunnar Eysteinnsson 5, Halldór Hermann Jónsson 6, Samuel Hewson 6 (90. Daði Guðmundsson -) - Haukur Baldvinsson 4 (71. Kristinn Ingi Halldórsson -), Steven Lennon 5, ***Almarr Ormarsson** 7.

Skot (á mark): 4-7 (1-4) Horn: 1-5

Varin: Ikstens 2 - Ögmundur 0

Aukaspjrnur: 10-12



Kópavogsv., Áhorf: 1467 Valgeir Valgeirsson (7)

Mörkin: 1-0 Elfar Árni Aðalsteinsson (24.), 2-0 Nicholas Rohde (50.), 3-0 Árni Vilhjálmsson (63.), 4-0 Árni Vilhjálmsson (73.), 4-1 Jóhann Helgi Hannesson (90.+3).

Breiðablik (4-3-3): Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Þórður Steinar Hreiðarsson 6 (89., Viggó Kristjánsson -), Sverrir Ingi Ingason 7, Renee Troost 6, Kristinn Jónsson 8 - Finnur Orri Margeirsson 7, Andri Rafn Yeoman 8, Guðjón Pétur Lýðsson 7 - Elfar Árni Aðalsteinsson 8, ***Árni Vilhjálmsson** 8 (83., Páll Olgeir Þorsteinsson -), Nicholas Rohde 7 (76., Tómas Óli Garðarsson -).

Þór (4-3-3): Joshua Wicks 4 - Guiseppe P Funicello 2, Atli Jens Albertsson 3, Hlynur Atli Magnússon 4, Ingi Freyr Hilmarsson 3 (61., Janez Vrenko 4) - Orri Freyr Hjaltalín 4, Orri Sigurjónsson 3 (61., Jóhann Helgi Hannesson 5), Edin Beslija 5 - Sveinn Elías Jónsson 5, Mark Tubæk 3, Jóhann Þórhallsson 3 (78., Kristinn Þór Björnsson -).

Skot (á mark): 16-6 (9-2) Horn: 9-3

Varin skot: Gunnleifur 1 - Wicks 5

Aukaspjrnur: 9-11

PEPSI-DEILDIN 2013 LEIKIR DAGSINS

Fylkir-Valur Fylkisvöllur, kl: 19.15
FH-Keflavík Kaplakrikavöllur, kl: 19.15
KR-Stjarnan KR-völlur, kl: 19.15

visir.is

Allt um leiki gærkvöldsins

Eigum eftir að skora slatta

Stjörnumaðurinn Veigar Páll Gunnarsson spilar í kvöld fyrsta deildarleik sinn á Íslandi síðan haustið 2003 þegar hann kvaddi sem Íslandsmeistari með KR. Það er kannski við hæfi að fyrsti leikurinn sé á KR-velinum.

FÓTBOLTI Pepsi-deildin fór af stað í gær og í kvöld mætast á KR-velinum tvö af þeim liðum sem er spáð hvað bestu gengi í sumar. Veigar Páll Gunnarsson og félagar í Stjörnunni heimsækja þá hans gömlu félagi í KR, en það er örugglega öllum alvöru KR-ingum í fersku minni þegar Veigar Páll sá öðrum fremur til þess að 24. Íslandsmeistaratitilinn kom í Vesturbæinn árið 2003.

Vanur að vinna á KR-velinum

Veigar Páll snýr nú heim eftir áratug í atvinnumennsku í Noregi og Frakklandi og byrjar á sínum gamla heimavelli. „Ég er vanur að vinna á KR-velinum“, segir Veigar Páll í léttum tón. „Ég spilaði þarna í tvö ár, það er gaman að spila þarna og ég líft eiginlega þannig á þetta að ég byrji á heimaleik“, segir Veigar.

Hann segir að það hafi tekið tíma að koma sér í gang. „Það byrjaði rosalega brösuglega hjá mér en það var vegna þess að ég ákvað að taka mér rúmlega eins og hálf mánaðar frí til þess að hreinsa hausinn. Mér finnst ég vera kominn í fínt stand núna og formið verður bara betra með tímanum. Maður er klár í sumarið.“ Það er engin meistarapressa í Garðabænum þrátt fyrir að Veigar Páll sé kominn heim.

Skynsamlegar spár

„Ég held að þessar spár sem ég hef verið að kíkja á séu bara skynsamlegar hjá spámönnum. Fjórða til fimmta sætið er kannski eðlilegt en við vitum að ef þetta byrjar að ganga vel frá fyrsta leik erum við með nógu gott lið til þess að komast hærra“, segir Veigar Páll.

Sóknarleikurinn ætti að vera í góðu lagi enda vandfundin önnur eins sóknarlína í deildinni (Veigar Páll, Garðar Jóhannsson, Halldór Orri Björnsson, Kennie Chopart) en þótt skemmtanagildið hafi verið mikið í leikjum Stjörnuhljómsins hefur liðið oftast varist illa.

„Ég held að við séum búnir að styrkja vörnina verulega með því að fá þessa tvo Dani, miðvörðinn Martin Rauschenberg og svo Michael Præst sem er afturliggjandi miðjumaður. Præst bindur vörnina og miðjuna saman og hann er gríðarlega mikilvægur. Maður sér að hann er með reynslu og veit alveg hvernig hann á að spila það hlutverk. Hann talar mikið og ég



KOMINN HEIM Veigar Páll Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

held að hann eigi eftir að binda okkur saman“, segir Veigar Páll, en hann fær síðan góða hjálp í sóknarleiknum.

Gott að spila með Garðari

Vinirnir og æskufélagarnir Veigar Páll og Garðar Jóhannsson spila nú hlið við hlið á ný. „Ég og Garðar vitum alveg hvernig á að skora mörk og eigum eftir að skora slatta af mörkum. Mér finnst rosalega gott að spila með honum. Við finnum hvor annan vel og ég hef trú á því að við eigum eftir að standa okkur vel, gamlingjarnir þarna frammi“, segir Veigar.

„Ég býst við því af sjálfum mér að ég eigi eftir að eiga þátt í flestum af okkar mörkum. Það hefur verið þannig úti í Noregi og ég vona ég geti haldið því áfram herna heima. Það gekk gríðarlega vel hjá mér hjá KR enda var maður líka keyptur út eftir það. Ég er orðinn tíu árum eldri en engu að síður er ég í ágætis standi og líður vel. Ég býst við einhverju af mér í sumar“, segir Veigar. Hann á einnig von á skemmtilegum söngvum um sig frá Silfur-skeiðinni.

„Ég held að þeir séu byrjaðir að semja eitt-hvað þannig að ég bið bara spenntur eftir því að heyra hver útkoman verður þegar dómarnir flautar leikinn á. Það er oft talað um að áhorfendurnir séu tólfti maðurinn á vellinum og Silfur-skeiðin sér til þess að það er svoléiðis hjá Stjörnunni. Það er rosalegt að heyra í þeim enda er ekki þögn uppi í stúku í eina sekúndu“, segir Veigar Páll, fullur tilhlökkunar fyrir fyrsta leik. oo@frettabladid.is



FYRIR TÍU ÁRUM Veigar Páll Gunnarsson var frábær með KR-liðinu þegar liðið varð Íslandsmeistari 2002 og 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Pálína í úrvalshóp

KÖRFUBOLTI Keflvíkingsurinn Pálína Gunnlaugsdóttir kórónaði frábært tímabil með því að vinna annað árið í röð tvöfalt á lokahófi KÍ.

Pálína var kosin besti leikmaðurinn og besti varnarmaðurinn. Þetta var í sjötta sinn sem hún er kosin besti varnarmaðurinn og með því að vera kosin besti leikmaðurinn í þriðja sinn kemst hún í hóp með þeim Önnu Maríu Sveinsdóttir (6), Lindu Jónsdóttur (3) og Helenu Sverrisdóttur (3) yfir þá sem hafa oftast verið kosnar bestar.

Keflavík átti einnig besti unga leikmanninn hjá konum, sem var valin Sara Rún Hinriksdóttir. Sigurður Ingimundarson, hjálfari Keflavíkur, var kosinn besti þjálfarinn. Hér fyrir meðan má sjá þá leikmenn sem valdir voru í úrvalsliðið, en Hildur Sigurðardóttir bætti met Önnu Maríu Sveinsdóttur með því að vera valinn í úrvalsliðið í 11. sinn. - 66j

ÚRVALSLIÐ KVENNA 2012-13

Pálína Gunnlaugsdóttir, Keflavík	4. sinn
Hildur Sigurðardóttir, Snæfell	11. sinn
Kristrún Sigurjónsdóttir, Valur	4. sinn
Bryndís Guðmundsdóttir, Keflavík	4. sinn
Hildur Björg Kjartansdóttir, Snæfell	1. sinn

Justin sá fyrsti í 26 ár

KÖRFUBOLTI Stjörnumaðurinn Justin Shouse var annað árið í röð valinn besti leikmaðurinn í íslenska körfuboltanum á lokahófi KÍ um helgina og er hann fyrsti maðurinn í 26 ár til að vinna þessi eftirsóttu verðlaun tvö ár í röð. Pálmar Sigurðsson (1986-87) og Valur Ingimundarson (1984-85) voru hingað til þeir einu sem höfðu verið kosnir tvö ár í röð.

Guðmundur Jónsson hjá Þór var kosinn besti varnarmaðurinn annað árið í röð en hann hefur nú ákveðið að skipta yfir í Keflavík.

Elvar Már Friðriksson hjá Njarðvík var valinn besti ungi leikmaðurinn annað árið í röð auk þess að komast í úrvalsliðið en það hafði ekki gerst síðan Jón Arnór Stefánsson, náði þeirri tvennu árið 2001. Aaron Broussard hjá Grindavík var valinn besti varnarmaðurinn og Sverrir Þór Sverrisson, hjálfari Grindavíkur, besti þjálfarinn, en Sverri var einmitt valinn besti þjálfarinn hjá stelpunum í fyrra. Sigmundur Már Herberstson var valinn besti dómari ársins. - 66j

ÚRVALSLIÐ KARLA 2012-13

Justin Shouse, Stjarnan	2. sinn
Elvar Már Friðriksson, Njarðvík	1. sinn
Jóhann Árni Ólafsson, Grindavík	1. sinn
Jón Ólafur Jónsson, Snæfell	3. sinn
Sigurður G. Þorsteinsson, Grindavík	4. sinn





FÖSTUDAGSKVÖLD SPURNINGABOMBAN

Frumlegustu spurningarnar, fyndnustu keppendurnir og fáránlegustu svörin!

HEFST 30. MAÍ GRILLAÐ MEÐ JÓA FEL

Jói Fel er mættur aftur og að þessu sinni ætlar hann að kenna okkur hvernig á að bera sig að við útigriði í eitt skipti fyrir öll.



Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag

ÍSLENSKU ÞÆTTIRNIR BLÓMSTRA Í MAÍ

BYRJADU SUMARIÐ Í FRÁBÆRUM FÉLAGSSKAP Á STÖÐ 2



NÝTTU ÞÉR **NETFRELSI** OG MISSTU EKKI AF NEINU!

Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhalds-þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjald-tölvunni hvar og hvenær sem er.



MIDVIKUDAGSKVÖLD KALLI BERNDSEN

Kalli Berndsen bregður á leik með litríkan og smekklegan þátt sem hjálpar þér að líta betur út og skemmtir þér vel í leiðinni.

HEFST 15. MAÍ HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Meistarakokkurinn Árni Ólafur lifir af landinu uppi í Borgarfirði, kynnir fyrir okkur íslenska matarmenningu og hefðir með heimaræktuðu hráefni. Nýstárlegur og skemmtilegur matreiðsluþáttur.



HEFST 26. MAÍ TOSSARNIR

Brottfall er mikið úr skólum. Í Tossunum fylgir Lóa Pind fimm einstaklingum sem hafa hætt í skóla, m.a. Jóni Gnarr borgarstjóra.

HEFST 11. MAÍ LATIBÆR

Hinir geysivinsælu Latabæjarþættir snúa aftur! Fylgist með ævintýrum Íþróttálfisins, Söllu stírðu og allra hinna.



FLYNN / SIA





ÍSLANDBIKARINN Í SAFAMÝRI
Ásta Birna Gunnarsdóttir og Elísabet Gunnarsdóttir með Íslandsbikarinn eftir sigurinn á Stjörnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kvaddi með langþráðu gulli

Stella Sigurðardóttir átti stórleik þegar Framkonur tryggðu sér fyrsta Íslandsmeistararitil sinn í 23 ár. Stella fæddist þremur dögum eftir að síðasti titillinn kom í hús. Stella var búin að vinna silfur fimm ár í röð.

HANDBOLTI Fram varð Íslandsmeistari í N1 deild kvenna með því að leggja Stjörnuna að velli, 19-16, í oddaleik liðanna í úrslitum í gær. Fram vann þar sinn 20. Íslandsmeistararitil og þann fyrsta frá árinu 1990.

Stella Sigurðardóttir skoraði átta af 19 mörkum Fram í þessum síðasta leik sínum fyrir félagið í bili að minnsta kosti, en hún gengur til liðs við danska liðið SønderjyskE í sumar.

„Þetta er frábært. Ég á ekki orð yfir þennan sigur í dag. Liðsheilidinn og vörnin var frábær í dag og við algjörlega sýndum að við erum bestar á landinu í dag,“ sagði Stella eftir leikinn í gær.

„Það kveikti í okkur að Stjarnan var farin að tala um silfurhefð hjá okkur og að þær ætluðu að nýta sér það til góðs. Það er

engin silfurhefð hér. Við ætluðum okkur gullið. Í fyrra fór þetta í fimmta leik og það gat fallið hvoru megin sem er. Við vissum að við gætum unnið þetta. Okkur fannst við ekki hafa sýnt okkar rétta andlit í heimaleikjunum og

FRAM - STJARNAN 19-16

Mörk Fram (skot): Stella Sigurðardóttir 8 (13), Elísabet Gunnarsdóttir 5/5 (5/5), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (3), Sunna Jónsdóttir 2 (5), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2 (6).

Varin skot: Guðrún Bjartmarz 12 (24/5, 50%), Hildur Gunnarsdóttir 1 (5/1, 20%).

Mörk Stjörnunnar (skot): Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7/6 (9/6), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 3 (6), Rakel Dögg Bragadóttir 2 (8), Sólvéig Lára Kjærnested 1 (1), Helena Rut Órvarsdóttir 1 (1), Kristín Clausen 1 (2), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1 (7).

Varin skot: Sunneva Einarsdóttir 12 (30/4, 40%), Hildur Guðmundsdóttir (1/1, 0%).

við ætluðum að koma brjálaðar í þetta og sýna að við erum miklu betra lið.

Spennustigið hefur verið hátt í heimaleikjunum og margir áhorfendur. Við vissum að við gætum miklu betur og við komum vel innstilltar í dag. Við nýttum áhorfendurna sem áttunda manning á vellinum í dag,“ sagði Stella.

Fram vann sinn 19. Íslandsmeistararitil 27. mars 1990. Þremur dögum síðar, 30. mars, fæddist Stella.

„Fram vann síðast á fæðingarári mínu og það er mjög gaman að vinna titilinn áður en ég fer. Ég vann allt sem hægt var að vinna í yngri flokkunum. Ég byrjaði í meistaraflakki 16 ára og er búin að biða eftir þessum stóra titli og loksins tókst það áður en ég flýg af landi brott,“ sagði Stella,

en sami kjarni leikmanna hefur verið í Fram frá því að Stella steig sín fyrstu skref í meistaraflakki.

„Við höfum spilað svo lengi saman, þessi kjarni í liðinu. Við erum allar með Fram-hjarta. Mér finnst það skipta miklu máli. Þetta er ekki aðkeypt lið. Við vorum mjög ungar fyrir fimm árum þegar við vorum samt að slást um titilinn. Ég er ánægð með að við höldum allar hópinn og náðum loksins að vinna gullið.

„Fyrsta árið lendum við í fjórða sæti og sláum út Hauka sem höfnuðu í fyrsta með því að vinna þær 2-0 og lentum á móti Stjörnunni. Við vorum litla liðið þá, ungir kjúklingar, en við höfum þroskast mikið sem leikmenn og sem liðsheilid á þessum tíma,“ sagði Stella að lokum.

- gmi



LOKSINS GULL Stella Sigurðardóttir fagnar hér Íslandsmeistararitlinum í leikslok ásamt félagum sínum Elísabetu Gunnarsdóttur, Sunnu Jónsdóttur, Sigurbjörgu Jóhannsdóttur og Ástu Birnu Gunnarsdóttur. Stella, Sigurbjörg og Ásta Birna höfðu allar þurft að sætta sig við silfur fimm undanfarin ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ólafur í úrslit

HANDBOLTI Ólafur Guðmundsson skoraði fimm mörk þegar Kristianstad tryggði sér sæti í úrslitaleiknum um sænska meistaratitilinn í handbolta eftir 32-27 útsigur á Sävehof í oddaleik.

Kristianstad stöðvaði þar með sigurgöngu Sävehof, sem var búin að vinna sænska titilinn þrjú ár í röð. Kristianstad mætir HK Drott í hreinum úrslitaleik sem fer fram í Scandinavi-umhöllinni í Gautaborg 9. maí.

Einar Ingi Hrafnsson og félagar hans í Mors-Thy Håndbold tryggðu sér sæti í undanúrslitum um danska meistaratitilinn í handbolta eftir 26-30 útsigur á Aarhus Håndbold. Mors-Thy mætir AaB Håndbold í undanúrslitunum.

- 66j



ÓLAFUR GUÐMUNDSSON

Blóð komið á tennur Haukanna

Fram tókst ekki að tryggja sér titilinn - fjórði leikurinn í Framhúsinu í kvöld

HANDBOLTI „Viljinn til að vinna var til staðar,“ sagði hornamaðurinn Freyr Brynjarsson eftir að Haukar unnu 27-24 sigur á Fram í kaflaskiptum leik á laugardaginn og héldu voninni um Íslandsmeistararitilinn á lífi. Staðan er 2-1 fyrir Fram sem fær annað tækifæri til að tryggja sér titilinn í Framhúsinu í kvöld.

„Við höfum undanfarið farið illa með áhorfendur okkar á heimavelli. Í fyrra í úrslitakeppninni og svo gegn Fram í fyrsta leik. Við þurftum að girða okkur í brók og sýna áhorfendum að við værum komnir í keppni um að taka þetta.“ Freyr og kollegi hans í hinu horninu, Gylfi Gylfason, fundu sig vel á laugardag og skoruðu samtals þrettán mörk. Freyr fagnaði 36 ára afmæli sínu í gær. „Við gömlu mennirnir vorum að finna þetta. Eins og ég sagði við strákana var þetta síðasti

dagurinn sem ég var 35 ára. Ég krafðist sigurs og það var ekkert annað í boði.“

Annar dómariinn í leik tvö fékk gullmerki Fram nokkrum klukkutímum fyrir leik og hafði allt það mál áhrif á Haukana.

„Það var bara eins og það var. Það er búið og ekkert hægt að breyta því hvernig leikur tvö fóru. Það eina sem við getum gert er að vinna úrslitaleikina sem eiga eftir að koma. Við vorum alveg með blóð á tönnum fyrir þennan sigur og það er enn til staðar,“ sagði Gylfi Gylfason. En hafði hún áhrif á Framara:

„Hafði öll þessi dómaraumræða áhrif á undirbúning Fram?“

„Þessi umræða hafði allavega ekki nein áhrif á mig. Það væri asnalegt að reyna að skella skuldinni á það. Við verðum að einbeita okkur að okkar leik,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram.

- egm



FREYR FAGNAR Haukar eru enn á lífi eftir sigur á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

FULHAM - READING	2-4
0-1 Hal Robson-Kanu (12.), 0-2 Hal Robson-Kanu (62.), 1-2 Bryan Ruiz (70.), 1-3 Adam Le Fondre (75.), 2-3 Bryan Ruiz (77.), 2-4 Jem Karacan (83.)	
NORWICH - ASTON VILLA	1-2
0-1 Gabriel Agbonlahor (56.), 1-1 Grant Holt (74.), 1-2 Gabriel Agbonlahor (90.)	
SWANSEA - MANCHESTER CITY	0-0
WEST BROMWICH - WIGAN	2-3
1-0 Shane Long (29.), 1-1 Arouna Koné (39.), 2-1 Gareth McAuley (50.), 2-2 James McArthur (58.), 2-3 Callum McManaman (80.)	
WEST HAM - NEWCASTLE	0-0
TOTTENHAM - SOUTHAMPTON	1-0
1-0 Gareth Bale (86.)	
QPR - ARSENAL	0-1
0-1 Theo Walcott (1.)	
LIVERPOOL-EVERTON	0-0
MANCHESTER UNITED-CHELSEA	0-1
0-1 Juan Manuel Mata (87.)	

STAÐA EFSTU LIÐA:

Man. United	36	27	4	5	79-37	85
Man. City	35	21	9	5	61-31	72
Chelsea	35	20	8	7	69-35	68
Arsenal	36	19	10	7	67-36	67
Tottenham	35	19	8	8	61-43	65
Everton	36	15	16	6	52-38	60
Liverpool	36	14	13	9	67-42	55
West Brom	35	14	6	15	48-47	48
Swansea	35	10	13	12	43-44	43

netto
Kræsingar & kostakjör

FULLT AF FRÁBÆRUM
TILBOÐUM!

Prjónadagur í Netto 1-12. maí



20% AFSLÁTTUR
AF FYLGIHLUTUM,
PRJÓNABLÖÐUM
PRJÓNABÓKUM
GARNI
& LOPA

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Stöð 2 Sport kl 19.00 Pepsi-deildin 2013

Íslenski boltinn er byrjaður að rúlla á ný og í kvöld verður Stöð 2 Sport með beina útsendingu frá leik KR og Stjörnunnar í 1. umferð Pepsi-deildar karla. Allir leikir umferðarinnar verða síðan gerðir upp í Pepsi-mörkunum sem hefjast klukkan 22.00. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon og spekingar þáttarins verða þeir sömu og undanfarin ár, Hjörvar Hafliðason, Reynir Leósson og Tómas Ingi Tómasson. Þátturinn er í opinni dagskrá.



Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA? ODDUR JÚLÍUSSON LEIKARI

Get ekki án þess verið „Ég horfi ekkert á sjónvarp. Ég hef samt alltaf kveikt en án hljóðs. Einhverjar tíðnir berast frá rafmagninu í sjónvarpinu sem sefa hugann og ég get hreinlega ekki án þess verið.“



RÚV FÖST. KL 18.25



1 Hljómskálinn Sigtryggur er uppáhaldsrypmasmiðurinn minn og mér finnst hann ná þessum karakteríska ryþma vel.

Á RÚV



2 Dýralíf - Saga af fil Þessi fráberu þættir voru í sýningu á RÚV. Ég græt þegar filar deyja.

RÚV MÁN. KL 20.05



3 Attenborough - 60 ár í náttúrunni Að skilja náttúruna, Atti er uppáhaldsafi okkar allra!

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn **06.39** Morgunlugginn **06.40** Veðurfregni **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstud með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Segðu mér **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregni **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Sjónmál **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútlit **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregni **12.50** Dánarfregni **13.00** Hringrás **14.00** Fréttir **14.03** Orð um bækur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Hlustarinn **15.25** Fólk og fræði **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Bak við stjórnumar **17.00** Fréttir **17.03** Viðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregni **18.53** Dánarfregni **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Segðu mér **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregni **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Sjónmál **22.30** Albúmið: Joni Mitchell - Ladies of the Canyon **00.00** Fréttir **00.05** Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 15.30** Silfur Egils
- 16.50** Landinn
- 17.20** Fæturnir á Fanneyju (17:39)
- 17.31** Spurt og sprellað (34:52)
- 17.38** Töfrahnötturinn (24:52)
- 17.51** Angelo ræður (18:78)
- 17.59** Kapteinn Karl (18:26)
- 18.12** Grettir (18:54)
- 18.15** Táknafréttir
- 18.25** Draumagarðar (4:4) (Drømme-haver)
- 19.00** Fréttir
- 19.30** Veðurfregni
- 19.35** Kastljós
- 20.05** Attenborough - 60 ár í náttúrunni - Að skilja náttúruna (2:3) (Attenborough - 60 Years in the Wild) Sir David Attenborough á að baki 60 ára starf við gerð náttúrufræðisþátta fyrir BBC. Í þessari þáttaröð lítur hann um öxl og veltir fyrir sér hvaða breytingar hafa orðið á náttúru Jarðar.
- 21.00** Hruturinn Hreinn (6:20) (Shaun the Sheep)
- 21.15** Hefnd (12:22) (Revenge)
- 22.00** Tíufréttir
- 22.15** Veðurfregni
- 22.20** Spilaborg (2:13) (House of Cards)
- 23.10** Armadillo (Armadillo) Heimildamynd um danska hermenn í Armadilloherstöðinni í Helmand-héraði í suðurhluta Afganistans.
- 00.50** Kastljós
- 01.20** Fréttir
- 01.30** Dagskrárlok

BIÓ

- 11.55** Scott Pilgrim vs. The World
- 13.45** How To Marry a Millionaire
- 15.20** Benny and Joon
- 16.55** Scott Pilgrim vs. The World
- 18.45** How To Marry a Millionaire
- 20.20** Benny and Joon
- 22.00** Ray
- 00.30** Extract
- 02.05** The Deal
- 03.45** Ray

STÖÐ 2

- 07.00** Barnatími Stöðvar 2
- 08.05** Malcolm in the Middle (18:22)
- 08.30** Ellen (138:170)
- 09.15** Bold and the Beautiful
- 09.35** Doctors (74:175)
- 10.15** Wipeout
- 11.05** Making Over America With Trinny & Susannah (4:7)
- 11.50** Hawthorne (9:10)
- 12.35** Nágrannar
- 13.00** America's Got Talent (27:32)
- 14.15** America's Got Talent (28:32)
- 15.00** ET Weekend
- 16.10** Lukku láki
- 16.35** Doddi litli og Eyrnastór
- 16.50** Bold and the Beautiful
- 17.10** Nágrannar
- 17.35** Ellen (139:170)
- 18.23** Veður
- 18.30** Fréttir
- 18.47** Íþróttir
- 18.54** Ísland í dag
- 19.11** Veður
- 19.20** The Big Bang Theory (15:17)
- 19.40** New Girl (17:24)
- 20.05** Glee (17:22) Fjórða þáttaröðin um metnaðarfulla ke
- 20.50** Suits (5:16) Önnur þáttaröðin um hinn eiturnalla Mike Ross, sem áður fyrr hafði lífibrauð sitt af því að taka margvísleg próf fyrir fólk gegn greiðslu. Lögfræðingurinn harðsvíraði, Harvey Specter, kemur auga á kosti kauða og útvegjar honum vinnu á lögfræðistofunni.
- 21.40** Game of Thrones (6:10)
- 22.35** Big Love (6:10)
- 23.35** Mike & Molly (10:23)
- 23.55** Two and a Half Men (14:23)
- 00.20** How I Met Your Mother (20:24)
- 00.45** White Collar (6:16)
- 01.30** Weeds (3:13)
- 02.00** Revolution (1:20)
- 02.45** Revolution (2:20)
- 03.30** Captivity
- 04.55** Suits (5:16)
- 05.40** Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00** Pepsi deildin 2013
- 15.30** Spænski boltinn: Barcelona - Betis
- 17.10** Pepsi deildin 2013
- 19.00** Pepsi deildin 2013 Bein útsending frá leik KR og Stjörnunnar
- 21.15** Spænsku mörkin
- 22.00** Pepsi mörkin 2013
- 23.15** Meistaradeild Evrópu - fréttaröð
- 23.45** Pepsi deildin 2013
- 01.35** Pepsi mörkin 2013

SPORT 2

- 07.00** Man. Utd - Chelsea
- 14.35** Norwich - Aston Villa
- 16.15** Stoke - Norwich
- 17.55** Premier League Review Show 2012/13
- 18.50** Sunderland - Stoke Bein útsending
- 21.05** Premier League Review Show 2012/13
- 22.05** Football League Show 2012/13
- 22.35** Sunderland - Stoke

krakkar

- 14.15** Lalli
- 14.25** Refurinn Pablo
- 14.30** UKI
- 14.35** Strumparnir
- 15.00** Waybuloo
- 15.20** Svampur Sveinsson
- 15.45** Könnuðurinn Dóra
- 16.10** Áfram Diego, áfram!
- 16.35** Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 16.55** Histerial!
- 17.15** Ofurhundurinn Krypto
- 17.35** Lukku láki
- 18.00** Doddi litli og Eyrnastór
- 18.10** M.I. High
- 18.35** Ofurhetjusérveitin
- 18.55** iCarly (45:45)
- 19.15** Victorious
- 19.40** Big Time Rush

POP TV

- 17.05** Simpson-fjölskyldan (1:22)
- 17.30** ET Weekend
- 18.15** Pretty Little Liars (1:22)
- 19.00** Friends (18:24) Sjöunda þáttaröðin um bestu vini allra landsmanna.
- 19.25** Two and a Half Men (4:24) Hreingerningakona Charlie til margra ára hættir. Charlie kemst fljótt að því að hann getur ekki lifað án hennar.
- 19.50** Simpson-fjölskyldan
- 20.15** Moment of Truth (1:13) Skemmtilegu spurningarþáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig.
- 21.00** FM 95BLÖ
- 21.20** The Lying Game (13:20) Dramatískir spennuþættir frá höfundum Pretty Little Liars, og fjalla um ein-eggja tvíbursystur sem voru aðskildar við fæðingu. Örlög þeirra urði gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum. Þegar sú fyrrnefnda kemst að sannleikanum ákveður hún að hafa uppi á systur sinni, þá fara dularfullir atburðir að gerast.
- 22.05** The O.C (20:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Þriðja þáttaröð.
- 22.50** Moment of Truth (1:13)
- 23.35** FM 95BLÖ
- 23.55** The Lying Game (13:20)
- 00.40** The O.C (20:25)
- 01.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp

GULL

- 20.00** Ljósavakavíkingar - Stöð 2 (1:5)
- 20.30** Eldsnögg með Jóa Fel
- 21.10** The Practice (2:21)
- 21.55** Cold Case (1:24) (1.15)
- 22.40** Ljósavakavíkingar - Stöð 2 (1:5)
- 23.10** Eldsnögg með Jóa Fel
- 23.50** The Practice (2:21)
- 00.35** Cold Case (1:24) (1.15)
- 01.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp

SKJÁREINN

- 06.00** Pepsi MAX tónlist
- 08.00** Dr. Phil
- 08.40** Pepsi MAX tónlist
- 16.05** Charlie's Angels (3:8)
- 16.50** Judging Amy (11:24)
- 17.35** Dr. Phil
- 18.15** Top Gear USA (10:16) Bandaríska útgáfa Top Gear þáttanna hefur notið mikilla vinsælda beggja vegna Atlantshafsins þar sem þeir félagar leggja land undir fót.
- 19.05** America's Funniest Home Videos (16:48)
- 19.30** Everybody Loves Raymond (19:25)
- 19.55** Will & Grace (23:24)
- 20.20** Parenthood (5:16) Petta er þriðja þáttaröðin af Parenthood en þættirnir eru byggðir á samnefndri gamanmynd frá 1989. Ron Howard leikstýrði myndinni og er hann aðalframleiðandi þessarar þátta sem hlotið hafa mjög góða dóma hjá gagnrýnendum.
- 21.10** Hawaii Five-0 (11:24) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum. Steve hittir ungan dreng á lögreglustöðinni sem leitar að föður sínum og svo virðist sem sannleikurinn um hann sé mun verri en hann þorði að ímynda sér.
- 22.00** CSI (18:22)
- 22.50** CSI: New York (4:22)
- 23.30** Law & Order (2:18)
- 00.20** Shedding for the Wedding (1:8)
- 01.10** Hawaii Five-0 (11:24)
- 02.00** Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00** ESPN America **07.15** Wells Fargo Championship **2013** **11.45** Golfing World **12.35** Wells Fargo Championship **2013** **17.05** PGA Tour - Highlights **18.00** Golfing World **18.50** Wells Fargo Championship **2013** **22.00** Golfing World **22.50** THE PLAYERS Official Film **2012** (1:1) **23.40** ESPN America

INN

- 20.00** Frumkvöðlar **20.30** Golf fyrir alla **21.00** Eldhús meistaranna **21.30** Suðurnesjafléttar

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2 FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1 FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útlit Latibær FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útlit Boðun

GAME OF THRONES

Í KVÖLD KL. 21:40

VALDATAFLIÐ ER HAFIÐ

Þriðja serían um hið magnaða valdatafl í Westeros. Þátturinn er sýndur á Íslandi og í Bandaríkjunum með nokkurra klukkustunda millibili.

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000

AFMÆLISTILBOD

8 ára gamalt verd!

Gildir til og með 13. maí



16''

m. 2 áleggjum
ostabraudstangir
2 l. Coke

1890 kr.



300 fyrstu pantanir á
mánudaginn fylgir biomíði á
The Place Beyond the Pines



VISSIR ÞÚ AÐ...



16" WILSONS PIZZAN ER 30% STÆRRI EN 14" RIZZO PIZZA

16" WILSONS PIZZAN ER 20% STÆRRI EN 14,5" DOMINOS PIZZA

16" WILSONS PIZZAN ER 14% STÆRRI EN 14,5" HRÓA HATTAR PIZZA



581 15 15 wilsons.is



PANTADU Á NETINU!

Ánanaustum

Gnodavogi 44

Eddufelli 6

Vesturlandsvegi

Brekkuhúsum 1

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er lagið Ready for the Floor með hljómsveitinni Hot Chip.“

Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri Bíós Paradísar.

Eybór verður trúr sjálfum sér á sviðinu

Rebekka Ingimundardóttir er ráðgjafi Eybórs Inga í fatavali í Eurovision.

„Það hefði verið viðeigandi miðað við umfang Eurovision að stílisti færi með en sú er ekki raunin í ár,“ segir búninga- og leikmyndahönnuðurinn Rebekka Ingimundardóttir, sem aðstoðar Eurovision-farann Eybór Inga í fatavali á Eurovision.

Nú stýttist óðum í söngvakeppnina frægu en Eybór Ingi stígur á svið með lagið Ég á líf í undankeppninni 16. maí. Íslenski hópurinn leggur af stað út á morgun og að þessu sinni fer enginn búningahönnuður með út. Það er tískufyrirtækið NTC sem sér um að klæða kappann en Rebekka

vill engu ljóstra upp um sviðsfatnaðinn sjálfan. „Ég er svokallaður ráðgjafi í ár. Eybór verður úti í tólf daga og það er nauðsynlegt að hann sé vel klæddur á hverjum degi,“ segir Rebekka, sem býst við því að senda Eybór út með minnismiða um hvað skuli klæðast á hverjum degi. „Ég er að undirbúa hann fyrir þetta en konan hans fer með og ég treysti á að hún komi honum í réttu fötin.“

Rebekka hefur áður unnið með Eurovision-förum og fór meðal út með Jónsa og Grétu Salóme í fyrra. Hún segir Eybór Inga vera drauma-

→ 13 dagar eru í lokakeppni Eurovision í Svíþjóð

verkefni búningahönnuðarins, þar sem hann sé óhræddur við að fara út fyrir kassann í klæðaburði. „Hann er blanda af breskum hefðarmanni og pönkara. Hann verður trúr sjálfum sér á sviðinu en hann er sjálfur mjög meðvitaður og með miklar skoðanir á því hverju hann klæðist.“

- áþ



LEYND YFIR FATAVALINU Rebekka Ingimundardóttir er ráðgjafi Eybórs Inga í fatavali. Hún segir hann vera blöndu af breskum hefðarmanni og pönkara.



Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar Ársfundur 2013

Ársfundur Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar 2013 verður haldinn fimmtudaginn 23. maí nk. kl. 16.00, í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin
3. Sameining lífeyrissjóða

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Hafnarfirði, 3. maí 2013

Stjórn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar



Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar Ársfundur 2013

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2013, verður haldinn miðvikudaginn 22. maí kl. 16.00 í húsnáttum BSRB að Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Reykjavík, 2. maí 2013

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar

Minna að fletta meira að fréttu

Frábært úrval afþreyingar, ferskar fréttir, fjölbreytt efnisval, myndrænt viðmót og færri flettingar.

Þess vegna var visir.is kosinn **besti fréttu- og afþreyingarvefur ársins á Íslensku vefverðlauninum 2012.**



BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals fréttu. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“



TÖKUR HAFNAR Tökur eru í fullum gangi á fjórðu þáttaröðinni af Latabæ í myndverinu í Garðabæ.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

4,5 milljarðar króna í Latabæ frá Turner

Turner Broadcasting, eigandi Latabæjar, hefur eytt fjórum og hálfum milljarði króna í verkefnið hér á landi undanfarin tvö ár. Tökur á fjórðu þáttaröð eru hafnar.

→ Ný Latabæjar-sjónvarpsmynd verður hugsanlega tekin upp í byrjun næsta árs. Turner Broadcasting hefur gefið grænt ljós á verkefnið.

Tökur á fjórðu þáttaröð Latabæjar eru nýhafnar í Garðabæ. Þrettán þættir verða teknir upp og að sögn Hallgríms Kristinsónar, yfirmanns kynningarmála og viðskiptaþróunar hjá Latabæ, er allt komið á blússandi siglingu. „Húsið er stútfullt. Það er ekki hægt að leggja nálægt því. Það eru 150 starfsmenn búnir að bætast við fyrir utan hefðbundið starfsfólk,“ segir hann. Tökurnar standa yfir fram í lok október en júlímánuður verður gefinn í sumarfri. Eftirvinnsla fer svo fram hér á landi og líkast til verður þáttaröðin tilbúin í byrjun næsta árs.

Samkvæmt tölum frá Sigurði Stefánssyni, fjármálastjóra Latabæjar, hafa um fjórir og hálfur

milljarður króna streymt inn í íslenska hagkerfið frá eiganda þáttaraðarinnar, Turner Broadcasting, síðastliðin tvö ár. „Það eru ofsalega margir sem koma að þessu og margfeldisáhrifin inn í hagkerfið eru gífurlega mikil. Ég veit ekki um neitt einstakt fyrirtæki sem er að koma með eins mikla fjárfestingu inn í landið og Turner Broadcasting. Þetta er mjög stórhuga fyrirtæki sem hefur miklar mætur á myndverinu okkar og sýnir það í verki.“

Íþróttaálfurinn Magnús Scheving hefur verið duglegur undan-

farið við að kynna þriðju þáttaröðina, sem er nýfarin í loftið í Bretlandi. Hún verður tekin til sýninga hér á landi á Stöð 2, í Bandaríkjunum og víðar um heim síðar í þessum mánuði. Á dögunum var Magnús staddur á samkomu á vegum bandarísku sjónvarpsstöðvarinnar NBC í Los Angeles þar sem sumardagskráin var kynnt, þar á meðal Latabæjarþættirnir. Kryddpían Mel B heilsaði upp á Magga, auk þess sem stjórnur á borð við Heidi Klum, Usher og Shakiru voru á svæðinu.

frey@frettabladid.is

Syngur með Sísí Ey á Sónar

Unnsteinn Manuel Stefánsson syngur með Sísí Ey á Sónar-hátíðinni í Barselóna.

Unnsteinn Manuel Stefánsson úr Retro Stefson syngur með hljómsveitinni Sísí Ey á Sónar-hátíðinni í Barselóna í júní.

„Ég er mjög spenntur. Ég hef farið til Barselóna og spilað en ekki á þessari hátíð,“ segir Unnsteinn Manuel, sem söng einmitt með Sísí Ey á Sónar í Reykjavík fyrr á árinu við góðar undirtektir. Ólafur Arnalds, Samaris og Gluteus Maximus spila einnig á hátíðinni í Barselóna.

Unnsteinn Manuel heldur áfram tónleikaferð sinni með Retro Stefson á þriðjudaginn eftir níu daga pásu á Íslandi. Fyrst verður flogið til London en því næst til Austur-Evrópu. Eftir spilamennsku í

→ Sónar-hátíðin í Barselóna verður haldin 13. til 15. júní. Kraftwerk og Pet Shop Boys spila á hátíðinni.

Þýskalandi og samanlagt fimm vikna tónleikaferð fer hann svo einn síns liðs á Sónar-hátíðina.

Nýlega greindi Viðskiptablaðið frá hagnaði Retro Stefson ehf. upp á 1,2 milljónir króna í fyrra, samanboreið við tap upp á 6,3 milljónir árið 2011. „Ég er ótrúlega lítið inni í þessu,“ segir Unnsteinn um þessar tölur. „Allur peningurinn sem við fáum fer beint í flug, upptökur og græjur,“ segir hann.

- fb



SYNGUR MEÐ SÍSÍ EY Unnsteinn Manuel Stefánsson syngur með Sísí Ey í Barselóna.

FRÉTTABLAÐID/GVA



VAXTALAUSAR
12 MÁN
 AFBORGANIR
 3,5% lántökugj

EINFÖLD ÁKVÖRÐUN
VELDU ÖRYGGI
 FYRIR ÞIG OG ÞÍNA

ÞÚ PASSAR HANN VIÐ PÖSSUM ÞIG




Continental

NANKANG

HANKOOK
 driving emotion

Mastercraft
 JEPPADEKK

- Dekkjaverkstæði
- Smurþjónusta
- Smáviðgerðir
- Hjólastillingar
- Bremsuklossar
- Rúðupurrkur
- Rúðuvökvi
- Rafgeymar
- Peruskipti



SÓLNING
Renndu við

www.solning.is

Smiðjuvegi 68-70, Kópavogi ☎ 544 5000
 Hjallahrauni 4, Hfj ☎ 565 2121
 Raudhelli 11, Hfj ☎ 568 2035
 Fitjabraut 12, Njarðvík ☎ 421 1399
 Eyraarvegi 33, Selfossi ☎ 482 2722

– UMBODSMENN UM LAND ALLT –

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmenn útför

Ljósmyndarinn **Ingólfur Júlíusson** var kvaddur við fjölmenna athöfn sem fram fór í Silfurbergi í Hörpu á laugardag. Allsherjargoðinn Hilmar Örn Hilmarsson stýrði athöfninni og vakti lagavalið mikla athygli gesta. Meðal þeirra laga sem ómuðu voru One of These Mornings með Moby, The Last Beat of My Heart með Siouxsie and the Banshees, Ohne Dich með Rammstein og lagið When I Think of Angels sem Ellen Kristjánsdóttir söng. Ingólfur greindist með bráðahvítblæði í byrjun október á síðasta ári og lést hinn 22. apríl. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvær dætur.



- sm

Trendaði á Twitter

Íslenska hljómsveitin Of Monsters and Men tók enn eitt skrefið á framabrotinu um helgina þegar hún flutti tvö lög í gamanþættinum fornfræga Saturday Night Live á NBC. Meðal annars komst sveitin á listann yfir helstu umræðuefni, eða „trendin“, á Twitter þetta kvöldið, auk þess sem vefur tónlistartímaritsins Rolling Stone sagði að hún hefði svifið léttilega í gegnum smellinn



Little Talks, en seinna lagið sem sveitin tók var Mountain Sound. Var forsöngvurunum **Nönnu Bryndísi** og Ragnari sérstaklega hrósað fyrir raddanir, sem voru sagðar líkt og hunang áheyrnar. - þj

Mest lesið

- 1 Keyptu saman í matinn í morgun
- 2 Bílstjórinn yfirbugaði farþegann
- 3 Deilan um Vatnsenda: „Þetta splundraði bara fjölskyldunni“
- 4 Versluðu saman í Krónunni í morgun
- 5 Spiluðu í Saturday Night Live
- 6 Flugdólgur handtekinn á Akureyri
- 7 Vonast til að ný ríkisstjórn geri allt til að koma álverinu í Helgúvík í gang

„... HEILLADI MIG ... GERSAMLEGA UPP ÚR SKÓNUM.“

The Guardian

NÝ KILJA



www.forlagid.is

Upplifum Listahátíð

Dansar í Eldborg
@ Harpa, Eldborg – 24. & 25. maí – frá KR. 3.000

Luðurhljómur í skókassa
@ Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús
Opnar 18. maí

Leikið í myrkri
@ Harpa, Norðurljós – 22. maí – KR. 4.200

Shostakovíç–áskorunin
@ Harpa, Norðurljós – 2. júní
KR. 2.000 / 6.800

Bang on a Can – All Stars
@ Harpa, Eldborg – 17. maí – KR. 4.800

Diana Damrau & Xavier de Maistre
@ Harpa, Eldborg – 2. júní – frá KR. 3.200

Rýmin & skáldin I–VI
@ Borgarbókasöfnin – 21. maí til 1. júní
KR. 2.000

Vessel Orchestra
@ Miðbakki við Reykjavíkurhöfn – 17. maí – enginn aðgangseyrir

Öll dagskráin og miðsala á www.listahatid.is

Listahátíð í Reykjavík
17. maí – 2. júní

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ Reykjavíkurborg
TVG-ZIMSEN Landsvirkjun BRIM